

ÁRSSKÝRSLA
FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS
2009



EFNISYFIRLIT

1 FALL ÍSLENSKU BANKANNA OG AÐGERÐIR Í KJÖLFAR ÞESS	5
1.1 Ávarp forstjóra	5
1.2 Aðgerðir stjórnvalda og skýrslur um hrunið	6
1.3 Rannsóknir Fjármálaeftirlitsins á bankahruninu	6
2 SKIPULAG OG ÁHERSLUR Í STARFSEMI FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS	8
2.1 Þróun starfsmannamála frá bankahruni	8
2.2 Nýtt skipulag og áherslur í starfseminni	8
2.3 Rekstur og fjármál	9
3 FJÁRMÁLAMARKAÐIR	11
3.1 Lánamarkaðir	11
3.2 Verðbréfamarkaður	13
3.3 Lífeyris- og verðbréfasjóðamarkaður	14
3.4 Vátryggingamarkaður	20
4 EFTIRLIT - HORFT TIL FRAMTÍÐAR	24
4.1 Breytt viðhorf til eftirlits og alþjóðlegir straumar	24
4.2 Ný nálgun við eftirlit	24
4.3 Solvency II	24
4.4 Eftirlit með fagfjárfestastjóðum	25
4.5 Eftirlit með innheimtustarfsemi	25
4.6 Rannsóknir á meintum brotum gegn „gjaldeyrishöftunum“	25
4.7 Aukið gagnsæi	26
5 EFTIRLITSSKYLDIR AÐILAR	27
6 HELSTU UPPLÝSINGAR ÚR ÁRSREIKNINGI FME FYRIR ÁRIÐ 2008	28

Útgefandi:

Fjármálaeftirlitið

Suðurlandsbraut 32 - 108 Reykjavík

Sími: 525 2700 - Símbref: 525 2727

Tölvupóstur: fme@fme - Veffang: www.fme.is

Ritstjórn:

Ragnar Hafliðason, Sigurður G. Valgeirsson og Þorsteinn Marinósson.

Umbrot og prentun:

Stafræna prentsmiðjan

Mynd á kápu: Emstruá - Ljósmynd: Ragnar Th./Arctic Images

INNGANGUR

Efnisumfjöllun ársskýrslu Fjármálaeftirlitsins (FME) 2009 tekur í meginatriðum til tímabilsins frá 1. júlí 2008 til 30. júní 2009. Í skýrslunni er fjallað um fall íslensku viðskiptabankanna í október 2008 og aðgerðir stjórnvalda því tengdar og helstu breytingar á fjármálamarkaði hér á landi í kjölfar hrunsins. Í skýrslunni er enn fremur fjallað um stöðu og horfur á verðbréfamarkaði, lífeyris- og verðbréfasjóðamarkaði og váttryggingamarkaði. Þá er gerð grein fyrir breytingum á skipulagi Fjármálaeftirlitsins og breyttum áherslum í starfsemi stofnunarinnar. Einnig er í skýrslunni fjallað um hertar reglur á fjármálamarkaði, breytt viðhorf varðandi eftirlit með fjármálamörkuðum bæði hérlandis og erlendis, aukði gagnsæi og ný eftirlitsverkefni Fjármálaeftirlitsins.

Í fyrri ársskýrslum hefur Fjármálaeftirlitið birt lista yfir eftirlitsskylda aðila ásamt yfirliti yfir breytingar á starfsleyfum þeirra. Þar hefur einnig verið að finna yfirlit yfir breytingar á lögum og reglum á fjármálamarkaði á skýrslutímabilinu og upplýsingar um leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins og tülkanir á ákvæðum laga. Þessu er nú breytt þannig að í ársskýrslunni er einungis að finna yfirlitstöflu yfir fjölda eftirlitsskyldra aðila en nefndar upplýsingar eru að öðru leyti á heimasíðu stofnunarinnar. Helstu upplýsingar úr ársreikningi eftirlitsins fyrir árið 2008 eru birtar aftast í skýrslunni. Ársskýrslan er sem fyrr einnig birt á ensku í sérstöku hefti en báðar útgáfurnar eru jafnframt aðgengilegar á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins: www.fme.is. Vakin skal athygli á að þar má einnig finna margvíslegar upplýsingar er varða fjármálamarkaðinn og fyrirkomulag opinbers eftirlits með fjármálastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið gaf ekki út ársskýrslu á árinu 2008. Þess var ekki kostur við aðstæður sem sköpuðust í landinu haustið 2008 vegna falls stærstu viðskiptabanka landsins og ráðstafana sem Fjármálaeftirlitinu var falið að gera í tengslum við það samkvæmt sérstökum lögum sem þá voru sett.

Stjórn Fjármálaeftirlitsins:

Gunnar Haraldsson, PhD, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, formaður stjórnar

Kristín Haraldsdóttir, LL.M., lögfræðingur

Jón Þ. Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri, tilnefndur af Seðlabanka Íslands

Varamenn:

Óskar Sigurðsson, hæstaréttarlögmaður

Þóra M. Hjaltsted, lögfræðingur

Guðrún Ögmundsdóttir, hagfræðingur, tilnefnd af Seðlabanka Íslands

Samkvæmt 4. gr. 1. nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, skipar efnahags- og viðskiptaráðherra þriggja manna stjórn til fjögurra ára til að fara með yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins, en einn þeirra skal skipaður eftir tilnefningu frá Seðlabanka Íslands. Núverandi stjórn var skipuð þann 5. febrúar 2009 til 31. desember 2010, en áður skipaðir stjórnarmenn, frá og með 1. janúar 2007 óskuðu lausnar þann 25. janúar 2009. Fyrri stjórn Fjármálaeftirlitsins skipuðu: Jón Sigurðsson, hagfræðingur, formaður (kom í stjórn 1. janúar 2008); Sigríður Thorlacius, lögfræðingur, varaformaður; Stefán Svavarsson, aðalendurskoðandi, tilnefndur af Seðlabanka Íslands (kom í stjórn 9. október 2008) en forveri hans í stjórn var Ingimundur Friðriksson, bankastjóri, tilnefndur af Seðlabanka Íslands. Varamenn í stjórn Fjármálaeftirlitsins á tilgreindum tíma voru: Kjartan Gunnarsson, skrifstofustjóri; Þuríður Jónsdóttir, héraðsdómslögmaður; Sigríður Logadóttir, aðallögfræðingur, tilnefnd af Seðlabanka Íslands.

Forstjóri Fjármálaeftirlitsins: Gunnar Þ. Andersen

Aðstoðarforstjóri: Ragnar Hafliðason

Forstjóri Fjármálaeftirlitsins til janúar 2009 var Jónas Fr. Jónsson en Gunnar Þ. Andersen tók við stöðu forstjóra um miðjan apríl 2009. Ragnar Hafliðason, aðstoðarforstjóri, gegndi stöðu forstjóra stofnunarinnar þá tæplega þrjú mánuði sem liðu þar til nýr forstjóri tók við.

1.1

Ávarp forstjóra

Bankahrunið á Íslandi átti sér talsverðan aðdraganda og gerðist hvorki á einum degi né einni nóttu. Óeðlilega miklar afskriftir útlánasafna lánastofnana endurspeglja þessa staðreynd. Þegar litið er til baka er ljóst að marga veikleika var að finna hjá lánastofnunum varðandi áhættustýringu, stjórnunarhætti og innra verklag. Áhættusækni íslenskra fjármálafyrirtækja á síðustu árum leiddi til hættulegs áhættustigs sem varð mörgum þeirra að falli. Á sama tíma var innra eftirlit laust í reipunum og viðskiptahættir að mörgu leyti óeðlilegir að mati Fjármálaeftirlitsins.


Við hrunið hvarf eða gufaði upp stór hluti eigna lánastofnana. Samanburður á efnahagsreikningum þeirra sýnir þetta svart á hvítu. Þannig námu heildareignir á samstæðugrunni 16.550 ma.kr. í júní 2008 en eru áætlaðar aðeins 3.300 ma.kr., að frátöldum eignum gömlu bankanna, í lok júní 2009.

Rannsóknir margra mála sem Fjármálaeftirlitið hefur unnið að í kjölfar hrunsins virðast benda til að auk óeðlilegra viðskiptahátta hafi alvarleg lögbrot verið framin innan íslenskra fjármálafyrirtækja. Þar má nefna markaðsmisnotkun, innherjaviðskipti og hugsanlega umboðssvik. Auk þess að varða við lög sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með kunna brotin að varða við hegningarlög, bæði hér á landi og í öðrum löndum.

Í einfaldaðri mynd má segja sem svo að „íslenska viðskiptalíkanið“ sem mjög hafði verið hrósað hérlandis af ýmsum aðilum hafi vægast sagt verið ófullkomið. Hinn metnaðarfulli útrásarandi var ekki í samræmi við getu bankanna og annarra hluta hagkerfisins. Ljóst er einnig að eftirlit og eftirlitskerfi, innan og utan fjármálafyrirtækjanna, brugðust. Hvað Fjármálaeftirlitið varðar má nefna að hvorki fjöldi starfsmanna né fjárhagslegt bolmagn var í samræmi við öran vöxt fjármálafyrirtækja. Sem dæmi má nefna að eignir eftirlitsskyldra aðila jukust um 554% á tímabilinu 2000 til 2008 á meðan starfsmannafjöldi stofnunarinnar tvöfaldaðist. Þá má nefna að mikil starfsmannaveita veikti stofnunina verulega á sama tíma. Starfsmannaveltan náði hámarki árið 2005 þegar hún varð 25%. Er ljóst að slík umskipti sköðuðu stofnunina og heftu eftirlitsgetu hennar.

Við hrun fjármálakerfisins breyttist verkefnastaða Fjármálaeftirlitsins umtalsvert, meðal annars með tilkomu svokallaðra neyðarlaga (lög nr. 125/2008). Í kjölfar setningar þeirra voru stóru viðskiptabankarnir þrír, Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf. og Glitnir banki hf., teknir yfir af Fjármálaeftirlitinu og skipt í gamla og nýja banka og skipaðar skilaneindir yfir gömlu bankana. Síðar átti eftir að fylgja yfirtaka fleiri fjármálafyrirtækja þegar Fjármálaeftirlitið tók yfir rekstur Straums Burðaráss, SPRON og Sparisjóðabankans í mars 2009.

Starfsmannafjöldi borinn saman við stærð markaðar



Fjármálaeftirlitið hóf þegar úttektir á þessum fyrirtækjum og beindi jafnframt þeim tilmælum til skilanefnda bankanna að ráða sérfræðinga til að rannsaka tiltekna þætti í starfsemi bankanna þriggja fyrir fall þeirra. Allt frá þeim tíma hefur verið unnið að frekari rannsóknum af miklum krafti hjá Fjármálaeftirlitinu. Mörg mál hafa þegar verið send sérstökum saksóknara eins og fram kemur hér í ársskýrslunni. Ljóst er þó að mikið er óunnið og mun Fjármálaeftirlitið þurfa að vinna að þessum rannsóknum út árið 2010 hið minnsta.

Meðal viðfangsefna eftir hrun var vinna tengd uppgjöri á milli gömlu bankanna og hinna nýju, að ganga frá fjármálagerningi á milli þeirra og tryggja nýju bönkunum eigið fé og starfs-hæfi. Liður í þeirri vinnu var að láta framkvæma verðmat á þeim eignum sem færðar voru í nýju bankana. Fjármálaeftirlitið fékk alþjóðlegu endurskoðunarskrifstofuna Deloitte til að framkvæma þetta mat og alþjóðlega ráðgjafafyrirtækið Oliver Wyman, sem óháðan þriðja aðila, til að hafa tilsjón með matinu. Á vordögum 2009 framkvæmdi Fjármálaeftirlitið úttekt á nýju bönkunum og viðskiptaáætlunum þeirra, svo og fjárhagslegum styrk þeirra og eiginfjárþörf í svokölluðu endurreisnarverkefni (e.sign-off project) með aðstoð Oliver Wyman. Með tilliti til gæða eignasafna og efnahagslegrar óvissu næstu missera taldi Fjármálaeftirlitið nauðsynlegt að gera hærri eiginfjárkröfu á bankana þrjá en lögboðið lágmark segir til um. Eiginfjárfra Fjármálaeftirlitsins í tilfalli bankanna þriggja er því að lágmarki 16% CAD hlutfall. Sambærileg eiginfjárfra verður gerð til annarra fjármálafyrirtækja. Ljóst er að staða sparisjóðanna er áhyggjuefni en stjórnvöld hafa leitað leiða til að tryggja framtíð sparisjóðakerfisins á Íslandi.

Falli bankanna hefur fylgt mikil vinna innan allra sviða Fjármálaeftirlitsins. Vinna við yfirtöku fjármálafyrirtækjanna hvíldi að verulegu leyti á lánasviðinu. Verðbréfasvið sinni aftur á móti

margháttaðri rannsóknarvinnu. Vátryggingasviðið þurfti meðal annars að takast á við fall eins af stóru vátryggingafélögunum. Þá fékkst lífeyrissjóða- og verðbréfasjóðasviðið við margháttaðar athuganir vegna erfiðleika lífeyrissjóða og verðbréfasjóða í framhaldi af bankahruninu.

Ný verkefni hafa bæst við hjá Fjármálaeftirlitinu á árinu 2009. Má þar nefna eftirlit með innheimtuaðilum og einnig fagfjárfestasjóðum. Enn fremur gegnir stofnunin hlutverki rannsóknaraðila vegna meintra brota gegn lögum um gjaldeyrismál. Alls nemur vinna við þessi nýju verkefni nú rúmlega 6 stöðugildum.

Undanfarna mánuði hefur verið unnið að skipulagsbreytingum innan Fjármálaeftirlitsins til að styrkja stofnunina og auka afl hennar. Liður í því er nýtt svið réttarreikningskila og ný staða yfirlögfræðings. Vaxandi áhersla verður í framtíðinni lögð á eftirlit í formi vettvangsathugana. Þá fylgist Fjármálaeftirlitið náið með umræðu um breyttar áherslur varðandi framkvæmd eftirlits á fjármálamörkuðum í nágrannalöndum og innan Evrópusambandsins og hefur tekið þátt í endurskoðun laga sem varða starfsemi Fjármálaeftirlitsins.

Starfsmenn Fjármálaeftirlitsins hafa starfað undir gríðarlegu álagi síðastliðin ár. Falli bankanna hafa einnig fylgt kröfur um skjótar niðurstöður endurreisnar- og rannsóknarmála sem auka álagið enn frekar. Þrátt fyrir erfiðar aðstæður hefur starfsandi verið góður innan Fjármálaeftirlitsins og starfsfólk lagt sig fram um að skila faglegri og vandaðri vinnu.

1.2 Aðgerðir stjórnvalda og skýrslur um hrunið

Rannsóknir á því hvað olli bankahruninu á Íslandi hafa farið fram á mörgum vígstöðvum. Stofnað var til embættis sérstaks saksóknara og Rannsóknarnefndar Alþingis til að rannsaka efnahagshrunið. Þáttur Fjármálaeftirlitsins í þessum rannsóknum er einnig verulegur og hefur stofnunin þegar vísað fjölmörgum málum til hins nýja embættis auk efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra. Þá hafa ýmis mál sem upp hafa komið í tengslum við hrunið verið til skoðunar hjá öðrum eftirlitsaðilum. Embætti sérstaks saksóknara var stofnað til að rannsaka grun um refsiverða háttsemi í aðdraganda og kjölfar atburðanna sem leiddu til bankahrunsins. Embættið hefur verið styrkt talsvert frá stofnun og hinn 6. október síðastliðinn var skipað í stöður þriggja saksóknara. Þá samþykkti Alþingi lög í árslok 2008 um Rannsóknarnefnd Alþingis sem skyldi rannsaka og meta hvort skýringar á falli íslensku bankanna og tengd efnahagsáföll væri að einhverju leyti að finna í starfsháttum og siðferði. Lokið var við að skipa í nefndina 30. desember 2008. Nefndin hyggst skila skýrslu um málið hinn 1. febrúar 2010. Til viðbótar þessu hafa stjórnvöld kallað til erlenda sérfræðinga. Eva Joly sem er kunn fyrir rannsóknir á fjármálabrotum og fjár-

málaspillingu í Evrópu og víðar hefur verið ráðin sem sérstakur ráðgjafi vegna rannsókna á efnahagsbrotum sem tengjast bankahruninu. Finnski bankasérfræðingurinn, Kaarlo Jännäri, var í nóvember 2008 fenginn af ríkisstjórn landsins til að leggja mat á lagaumhverfi og framkvæmd fjármálaeftirlits á Íslandi og gera tillögur um nauðsynlegar úrbætur. Þá réði ríkisstjórnin Mats Josefsson, sænskan bankasérfræðing, sem ráðgjafa við endurreisn bankakerfisins.

1.3 Rannsóknir Fjármálaeftirlitsins á bankahruninu

Fjármálaeftirlitið hóf um miðjan október 2008 að rannsaka hugsanleg brot á lögum um fjármálastarfsemi í aðdraganda og kjölfar hruns viðskiptabankanna þriggja. Í þessum rannsóknum var sjónum einkum beint að viðskiptum innherja með verðbréf, gjaldeyrisviðskiptum, markaðssetningu og fjárfestingum peningamarkaðssjóða, markaðsmisnotkun og verklagi við lánveitingar. Vaxandi þungi hefur verið í þessum rannsóknum eftir því sem liðið hefur á árið 2009 og hefur Fjármálaeftirlitið það sem af er árinu vísað alls 27 málum af framangreindum toga til embættis sérstaks saksóknara. Fjármálaeftirlitið og embætti sérstaks saksóknara hafa með sér gott samstarf við rannsókn mála og hafa gert samstarfssamning sín í milli. Gert er ráð fyrir framhaldi rannsóknarvinnunnar næstu misserin en töluverður fjöldi mála, sem mörg hver eru afar flókin og umfangsmikil, eru enn í vinnslu.

Fjármálaeftirlitið hefur einnig á árinu 2009 vísað tveimur málum til efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra. Þá hefur fimm málum verið vísað til ríkissaksóknara vegna meintra brota á þagnarskyldu. Stjórnvaldssektir hafa verið ákvarðaðar í fimm tilvikum og sáttir gerðar vegna alls 45 mála. Sáttir eru gerðar í smærri málum. Þá er aðilum máls boðið að ljúka máli með greiðslu sáttarfjárhæðar. Viðurlagamál sem unnið hefur verið að hjá Fjármálaeftirlitinu frá árslokum 2008 eru alls orðin 84.

Viðurlagamál afgreidd af FME frá árslokum 2008

Vísað til sérstaks saksóknara	27
Vísað til efnahagsbrotadeildar	2
Vísað til ríkissaksóknara	5
Stjórnvaldssektir	5
Sáttir	45
Alls	84

Fjármálaeftirlitið beindi þeim tilmælum til skilanefnda bankanna þriggja í kjölfar falls þeirra að ráða sérfræðinga til að rannsaka tiltekna þætti í fyrri starfsemi þeirra. Beindust athuganir þessara aðila meðal annars að framfylgni innri reglna og laga um fjármálastarfsemi í starfstíð bankanna. Meðal þess sem var skoðað

voru óvenjulegar eða óeðlilegar fjármagnshreyfingar innan fyrirtækja í samstæðu einstakra viðskiptabanka eða milli landa, skilmálabreytingar lánasamninga, breytingar á tryggingum og veðum, meðferð afleiðusamninga, viðskipti með verðbréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða og meðferð rekstrarfjármuna.

Rannsóknir starfsmanna Fjármálaeftirlitsins og sérfræðinganna fóru fram samhliða og voru skipulagðar þannig að ekki yrði um tvíverknad að ræða. Fjármálaeftirlitið hélt reglulega fundi með sérfræðingunum meðan á athugun þeirra stóð. Á þeim fundum var ekki rætt um einstök mál þar sem um þrjú fjármálafyrirtæki var að ræða heldur var meðal annars fjallað um aðferðafræði, hvað þyrfti að skoða og fleira því tengt.

Niðurstöður sérfræðinganna voru mjög umfangsmiklar og hefur verið unnið að greiningu þeirra frá því að þær bárust. Erfiðustu, flóknustu og alvarlegustu málín voru sett í forgang. Til að flýta fyrir fékk Fjármálaeftirlitið til liðs við sig utanaðkomandi lögfræðinga og aðra sérfræðinga til að vinna úr einstökum þáttum skýrslanna.


Meðal mála sem Fjármálaeftirlitið rannsakar eru meint brot gegn lögum og reglum um gjaldeyrisviðskipti en Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands starfa þar náið saman og hefur verið gerður sérstakur samstarfsamningur varðandi slíkar rannsóknir. Mál af þessum toga sem eru til rannsóknar eru viðamikil og flókin og rannsóknir þeirra komnar mislangt á veg. Þá hafa Fjármálaeftirlitið og ríkisskattstjóri gert með sér samstarfsamning sem beinist að því að efla samvinnu eftir því sem lagaheimildir standa til.

Allt frá hruni bankakerfisins hér á landi hafa fjölmiðlar í miklum mæli kallað eftir upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu, sem eðlilegt er í ljósi þeirra miklu atburða sem orðið hafa. Við þessi samskipti hefur Fjármálaeftirlitið oft þurft að benda á að lagaramminn sem það starfar eftir takmarki möguleika á upplýsingagjöf varðandi það hvort mál séu til skoðunar eða ekki og hafa því svör oft verið fremur almenns eðlis.

2.1

Þróun starfsmannamála frá bankahruni

Fjármálaeftirlitið hefur nú sem áður á að skipa vel menntuðum hópi starfsmanna. Um mitt ár 2009 var heildarfjöldi starfsmanna stofnunarinnar orðinn 73. Á sama tíma árið áður störfuðu alls 66 manns hjá Fjármálaeftirlitinu. Skipting starfsmanna er sýnd á meðfylgjandi mynd. Aukinn fjöldi starfsmanna má meðal annars rekja til nýrra verkefna í kjölfar falls bankanna og mikillar rannsóknarvinnu sem þeim hefur fylgt.



Leitast hefur verið við að gefa mannauðsstjórnun meira vægi innan Fjármálaeftirlitsins. Liður í því er aukin ábyrgð sviðsstjóra, útvistun ráðningarþjónustu og fleira. Hvað varðar nýja starfsmenn hefur verið horft sérstaklega til þess að breyta samsetningu mannauðsins er varðar menntun, reynslu og aldur og ráða fólk með reynslu úr tengdri starfsemi.

Skipting 2008

- 18 Viðskipta- og hagfræðingar
- 11 Lögfræðingar
- 1 Tryggingafræðingur
- 4 Sérfræðingar í upplýsingatækni
- 5 Aðrir sérfræðingar
- 4 Skrifstofufólk
- 23 Tímabundnar ráðningar og sumarstörf

Skipting 2009


- 25 Viðskipta- og hagfræðingar
- 22 Lögfræðingar
- 1 Tryggingafræðingur
- 5 Sérfræðingar í upplýsingatækni
- 4 Aðrir sérfræðingar
- 3 Skrifstofufólk
- 5 Verkfræðingar
- 8 Tímabundnar ráðningar og sumarstörf

2.2

Nýtt skipulag og áherslur í starfseminni

Nýtt skipulag tók gildi hjá Fjármálaeftirlitinu á haustdögum 2009. Því er ætlað að stuðla að því að stjórnun stofnunarinnar verði skilvirkari, slagkraftur aukist í eftirlitsframkvæmdinni og viðmót gagnvart eftirlitsskyldum aðilum verði agaðra. Þá er þess vænst að skipulagsbreytingarnar verði til þess fallnar að styrkja ímynd Fjármálaeftirlitsins og efla traust á stofnuninni. Eins og áður eru starfrækt fjögur megin eftirlitssvið hjá stofnuninni: lánamarkaðssvið, verðbréfamarkaðssvið, lífeyris- og verðbréfasjóðamarkaðssvið og váttryggingamarkaðssvið. Stodsviði er hins vegar skipt upp í þrjú svið. Það eru svið rekstrar og fjármála, upplýsingatæknisvið og svið mannauðsmála. Þá eru samkvæmt nýja skipiritinu mynduð tvö ný svið, þ.e. svið réttarreiknings-skila (e. forensic accounting) og svið yfirlögfræðings. Framangreindum breytingum fylgir að stjórnunarhlutverk sviðsstjóra er aukið.

Auk framangreinds hafa tveir nýir vinnuhópar, þ.e. gagnavinnsluhópur og vettvangsathuganaþópur (e. on-site), verið skilgreindir í starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Enn fremur verður viðurlagahópur, sem hefur verið starfandi, festur í sessi. Viðurlagahópi er ætlað að tryggja samræmt verklag í tengslum við beitingu viðurlaga. Vettvangsathuganaþópi er ætlað að gera áætlanir um eftirlit í samvinnu við eftirlitssviðin auk þess að undirbúa úttektir. Gagnavinnsluhópi er svo ætlað að tryggja yfirferð gagna sem meðal annars berast Fjármálaeftirlitinu með reglubundnum skýrsluskilum.



2.3 Rekstur og fjármál

Tímaskráning Fjármálaeftirlitsins gefur upplýsingar um skiptingu ráðstöfunartíma stofnunarinnar á einstaka flokka eftirlitsskyldra aðila. Höfð er hliðsjón af þessum upplýsingum á þriggja ára undangengnu tímabili við tillögur um hlutfallskiptingu kostnaðar við rekstur Fjármálaeftirlitsins milli eftirlitsskyldra aðila. Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu ráðstöfunartímans fyrir árin 2007 og 2008. Vakin er athygli á því að mikil röskun varð í reglubundinni starfsemi stofnunarinnar á síðari hluta ársins 2008, vegna hruns bankakerfisins, sem áhrif hefur á hlutfallslega samsetningu ráðstöfunartíma á árinu 2008:

Hlutfallsleg skipting ráðstöfunartíma Fjármálaeftirlitsins milli flokka eftirlitsskyldra aðila	2007	2008
Lánastofnanir	59,0	65,2
Vátryggingafélög og vátryggingamiðlarar	16,2	9,7
Lífeyrissjóðir	7,7	9,1
Rekstrarfélög verðbréfasjóða	2,8	5,8
Verðbréfafyrirtæki og verðbréfamíðlanir	2,5	1,0
Útgefendur hluta- og skuldabréfa	10,9	7,2
Ýmsir aðilar	0,9	2,0
	100,0	100,0

Ráðstöfunartíma Fjármálaeftirlitsins má einnig greina á helstu tegundir verkefna eða viðfangsefni. Samandregin greining vegna árunna 2007 og 2008 er þessi:

Tafla 2

Hlutfallsleg skipting ráðstöfunartíma Fjármálaeftirlitsins milli helstu verkefna	2007	2008
Eftirlitsverkefni	52,4	57,6
viðvarandi fjárhagslegt eftirlit (e. off-site)	16,1	21,2
vettvangsathuganir (e. on-site)	11,6	9,3
önnur eftirlitsmál	24,6	27,1
Reglusetning	7,3	7,1
Almennur rekstur	28,0	25,9
Erlent samstarf/samskipti	12,4	9,4
	100,0	100,0

Með viðvarandi fjárhagslegu eftirliti í töflunni er átt við athuganir, vöktun og markaðsvakt af ýmsum toga sem að mestu byggist á reglubundinni upplýsingasöfnun eða skýrsluskilum til Fjármálaeftirlitsins. Einnig falla þarna undir ýmsar sértækar skoðanir er varða starfsemi, viðskiptahætti og starfsreglur eftirlitsskyldra aðila. Með vettvangsathugunum er átt við eftirlitsverkefni sem hafin eru með sérstökum eftirlitsheimsóknnum. Undir liðinn önnur eftirlitsmál í töflunni fellur svo vinna við ýmsar leyfisveit-

ingar, hæfismöt, upplýsingamiðlun og kvörtunar- og neytendamál og fleira. Með *almennum rekstri* er átt við hópvinnu- og skjalavörslukerfi stofnunarinnar, tölvu- og upplýsingatækni, starfsmannamál, fræðslumál og annað sem lýtur að reglubundnum rekstri og skrifstofuhaldi.

Rekstur á árinu 2008 og áætlaður rekstur á árinu 2009

Mikil og snögg umskipti á íslenskum fjármálamarkaði í byrjun október á árinu 2008, fall stærstu banka landsins, flókin vinna við endurreisn nær alls bankakerfisins hér á landi og margháttauð rannsóknarvinna tengd bankahruninu hefur leitt til mikils umróts í starfsemi og rekstri Fjármálaeftirlitsins síðustu misserin. Rekstraráætlun stofnunarinnar fyrir árið 2008 fór úr skorðum og áætlun fyrir árið 2009 var skorin umtalsvert niður strax í kjölfar hrunsins og löguð að nýjum aðstæðum í rekstrinum. Þessar aðstæður og áframhaldandi breytingar í starfsemi og starfsumhverfi nær allra íslenskra fjármálafyrirtækja munu væntanlega valda töluverðri óvissu í rekstrarumhverfi stofnunarinnar næstu misserin.

Á árinu 2008 námu gjöld Fjármálaeftirlitsins að meðtöldum eignakaupum alls 1.069,4 m.kr. en tekjur að meðtöldum fjármunatekjum alls 961,0 m.kr. Þar af voru tekjur af eftirlitsgjaldi 912,7 m.kr. Sérstakt framlag ríkisins nam 549 m.kr. Á árinu 2008 varð því 440,6 m.kr. tekjuafgangur af rekstri Fjármálaeftirlitsins. Meðtalið í framangreindu eru ekki 5,9 m.kr. gjöld og tekjur vegna úrskurðarnefnda, sem vistaðar eru hjá Fjármálaeftirlitinu. Eigið fé í árslok 2008 var 528,3 m.kr.

Rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2008 var endurskoðuð tvisvar. Í fyrra sinn í júní 2008 en þá var fallið frá fyrirhuguðum flutningi stofnunarinnar í nýtt húsnæði á árinu og því felldar út úr áætluninni 42,9 m.kr. sem tengdust húsnæðisskiptum. Rekstraráætlunin var síðan aftur endurskoðuð í nóvember 2008, í kjölfar ráðstafana á fjármálamarkaði á grundvelli laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitinga úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði ofl. Við þá breytingu var launaliður áætlunarinnar lækkaður um 32,8 m.kr.

Samkvæmt fjárukalögum fyrir árið 2008, sem samþykkt voru þann 22. desember 2008, er veitt 549 m.kr. framlag til Fjármálaeftirlitsins. Tengist það kostnaði stofnunarinnar vegna ráðstafana á grundvelli laga nr. 125/2008. Helstu liðir þessa kostnaðar eru vegna skilanefnda viðskiptabanka, sem skipaðar voru af Fjármálaeftirlitinu, endurskoðunar- og verðmatskostnaður vegna gerðar stofnefnahagsreikninga nýju viðskiptabankanna og ýmis önnur aðkeypt sérfræðipjónusta tengd endurreisn fjármálakerfisins. Heildarkostnaður vegna framangreinds varð hins vegar töluvert lægri fjárhæð á árinu 2008 en gert var ráð fyrir í fjárukalögunum eða alls 310,6 m.kr. Því var alls 238,4 m.kr. af þessu sérstaka ríkisframlagi ekki ráðstafað fyrr en á árinu 2009.

Að frátöldu hinu sérstaka ríkisframlagi og tengdum kostnaði, samkvæmt framangreindu, er því tekjuafgangur af rekstri Fjármálaeftirlitsins á árinu 2008 202, 3 m.kr. og eigið fé í árslok 289,9 m.kr.

Í rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2009 er gert ráð fyrir að gjöld án úrskurðarnefnda á árinu verði alls 953,7 m.kr. Áætlað er að tekjur að meðtöldum vaxtatekjum á árinu verði alls 778,5 m.kr. en þar af verði tekjur af eftirlitsgjaldi alls 766,0 m.kr. Áætlaður tekjuhalli á árinu er því 175,2 m.kr. Að teknu tilliti til 289,9 m.kr. eigin fjár í ársbyrjun er því gert ráð fyrir að eigið fé stofnunarinnar verði jákvætt um 114,7 m.kr. í árslok 2009.

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, er gert ráð fyrir sérstökum varasjóði fyrir Fjármálaeftirlitið, sem í árslok 2009 er áætlaður 38,3 m.kr. Eigið fé að frádregnum þessum sérstaka varasjóði er því 76,3 m.kr. sem kemur til frádráttar við álagningu eftirlitsgjalds fyrir árið 2010.

Helstu atriði úr ársreikningi Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2008 eru sýnd í 6. kafla skýrslunnar en ársreikningurinn er birtur í heild á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins. Rekstraráætlanir Fjármálaeftirlitsins ásamt fylgigögnum eru fylgiskjöl með árlegum frumvörpum viðskiptaráðherra til breytinga á lögum nr. 99/1999 vegna álagningar eftirlitsgjalds.

3.1

Lánamarkaður

Óvenjulegt ár á lánamarkaði


Síðustu misseri hafa verið mjög stormasöm í íslensku fjármálalífi. Nauðsynlegt reyndist að grípa inn í rekstur stærstu lánastofnana í landinu og afar óvenjuleg staða skapaðist fyrir eftirlitsaðila. Jafnframt stóð Fjármálaeftirlitið fyrir því að þær eignir, sem fluttar voru í nýju bankana, væru metnar. Þetta hefur reynst ærið viðfangefni.

Áföll í fjármálakerfi landsins hafa haft djúpstæð áhrif. Búast má við að langur tími líði áður en starfsemi á lánamarkaði verði komin í eðlilegt horf. Mikil hefur þó áunnist á þeim tíma sem liðinn er frá falli bankanna.

Bankahrunið og setning neyðarlaganna

Í september 2008 voru verulegar þrengingar á fjármálamörkuðum heimsins eftir stigmögnun vantrausts á lánamörkuðum mánuðina á undan. Víst má þó telja að fall bandaríska stórbankans Lehman Brothers um miðjan mánuðinn hafi komið flestum í opna skjöldu en við lá að hið stóra bandaríska tryggingafélag AIG færi sömu leið. Fall bankans eitt og sér hefði ekki átt að hafa áhrif á íslensku bankana þar sem viðskiptatengsl þeirra við hann voru óveruleg. Áhrifin á alþjóðlega fjármálamarkaði urðu hins vegar óbeint til þess að stóru íslensku bankarnir komust í þrot aðeins tveimur vikum síðar. Lánamarkaðir í millibankaviðskiptum sem áður voru kaldir frusu nú nánast algerlega. Ekki var lengur um að ræða traust milli þátttakenda á markaði. Trúverðugleiki íslensku bankanna hafði þegar víða erlendis verið dreginn í efa og eignir þeirra voru taldar mjög viðkvæmar fyrir verðfalli. Það kom því kannski mörgum ekki á óvart að þeir yrðu strax illa úti.

Eignir banka sem hlutfall af VLF 1992-2008



Stjórnendur Glitnis banka hf. skýrðu Seðlabanka Íslands frá því þann 25. september 2008 að bankinn réði ekki við að borga 600 milljón punda afborgun af lánnum sínum sem var á gjalddaga næstu daga og fór fram á neyðarlán hjá Seðlabankanum til að mæta þessari greiðslu. Seðlabankinn upplýsti Fjármálaeftirlitið og stjórnvöld um stöðu bankans og þann 29. september gaf ríkisstjórn Íslands síðan út yfirlýsingu um að hún hygðist taka Glitni yfir með því að leggja bankanum til nýtt hlutafé að fjárhæð 600 milljónir evra og gegn 75% eignarhlut í bankanum. Seðlabankinn hafði því hafnað beiðni Glitnis um lán til þrautavara. Ljóst þótti að lánið myndi einungis nægja bankanum út janúarmánuð en þá stæði hann aftur frammi fyrir stórum afborgunum af skuldum sínum og lánalínur bankans væru lokaðar. Viðbrögð markaðarins við þessu voru afar neikvæð. Eftir yfirlýsingu stjórnvalda um yfirtöku bankans var lánshæfi íslenska ríkisins lækkað og samningum um lánalínur íslenskra viðskiptabanka rift. Landsbanki Íslands hf. þoldi illa fall Glitnis og frekari þrengingar í kjölfar þess. Þá streymdu einnig um 500 milljónir evra út af svokölluðum Icesave innlánsreikningum bankans í Bretlandi og Hollandi, vikuna eftir yfirlýsinguna um yfirtöku Glitnis. Kaupþing banki hf. fór heldur ekki varhluta af slíkum úttektum því innstæður á Edge innlánsreikningum bankans í þessum sömu löndum og fleiri ríkjum Evrópu, sem náð höfðu verulegum fjárhæðum, skruppu saman um meira en 30% á nokkurra daga tímabili í lok september og fyrstu dagana í október 2008.

Hinn 6. október 2008 varð ljóst að Landsbankinn glímdi við alvarlegan lausafjávanda. Með lögum nr. 125/2008 (neyðarlögin) var Fjármálaeftirlitinu heimilað að grípa til nauðsynlegra aðgerða vegna alvarlegrar stöðu íslensku bankanna. Þann 7. október tók Fjármálaeftirlitið við stjórn Glitnis banka hf. að ósk stjórnar bankans og setti honum skilanefnd. Sama dag tók svo Fjármálaeftirlitið einnig við stjórn Landsbanka Íslands hf. að ósk stjórnar bankans og setti skilanefnd yfir hann. Útspil breskra stjórnvalda í framhaldi af þessum aðgerðum urðu óvænt því daginn eftir beittu þau ákvæðum sérstakra hryðjuverkalaga og frystu eignir Landsbankans í Bretlandi. Þetta hafði í för með sér að íslensk stjórnvöld höfðu ekki möguleika á að nálgast eignir Landsbankans í Bretlandi. Þá komst breska fjármálaeftirlitið (FSA) að þeirri niðurstöðu að breski bankinn KSF (Kaupthing Singer and Friedlander), dótturfélag Kaupþings í Bretlandi, uppfyllti ekki lágmarks lausafjárkröfur. Eftirlitið kom því í veg fyrir að KSF gæti tekið við frekari innstæðum og höfðaði samtímis mál fyrir breskum dómstólum sem setti bankann undir sérstaka stjórn (e.administration). Með þessum aðgerðum varð móðurfélagið, Kaupþing banki hf., í raun einnig óstarfhæft. Íslenska Fjármálaeftirlitið tók því við bankanum og skipaði skilanefnd

fyrir hann hinn 9. október. Þar með voru allir stærstu íslensku viðskiptabankarnir komnir í vörslu íslenskra stjórnvalda og hrun bankakerfis landsins blasti við.

Helsta markmið íslenskra stjórnvalda var að tryggja að greiðsluferfi innanlands myndi virka og lágmarks fjármálaþjónusta væri fyrir hendi þannig að fólk gæti keypt mat og sinnt daglegum störfum. Einnig var mikilvægt að bankahrunið hefði ekki keðjuverkandi áhrif og yrði þannig til þess að allt íslenska fjármálakerfið hryndi. Vegna hruns bankanna var raunveruleg hættu á því að innlend greiðslumiðlun myndi stöðvast eða að alvarleg vandamál kæmu upp við að halda henni gangandi.

Stofnaðir voru nýir bankar á grunni þeirra gömlu eða bönkunum þremur í raun hverjum fyrir sig skipt í gamla banka og nýja banka. Í gömlu bönkunum voru í meginatriðum skildar eftir allar erlendar eignir, skuldir og skuldbindingar en í nýju bankana voru flutt öll innlán og útlán hjá innlendum starfsstöðvum og fasteignir þannig að nýju bankarnir væru færir um áframhaldandi innanlandsviðskipti. Fjármálaeftirlitið hafði skipað skilanefndir fyrir alla gömlu bankana sem höfðu það að meginmarkmiði að ná sem mestum verðmætum úr eignum gömlu bankanna og gæta þannig hagsmuna lánardrottna þeirra. Þar sem greiða þarf að fullu fyrir mismuninn á eignum og skuldum sem færðar voru til nýju bankanna þurfti að gera ráðstafanir til að fá óháðan aðila til að verðmeta eignirnar.

Fall stærstu bankanna hafði mikil áhrif á stöðu þeirra lánastofnana sem eftir voru. Þær liðu fyrir lausfjárskort, dvínandi traust og lækun eigna. Þá voru hlutabréf í föllu bönkunum að nokkru leyti tryggingar fyrir lánunum sem þessar lánastofnanir höfðu veitt. Fjármálaeftirlitið tók yfir Straum-Burðarás Fjárfestingabanka hf. hinn 9. mars 2009 og setti skilanefnd yfir bankann. Fjármálaeftirlitið tók þann 21. mars 2009 yfir bæði Sparisjóðabanka Íslands hf. (áður Icebank) og Sparisjóð Reykjavíkur (SPRON) samkvæmt beiðni stjórnar beggja fyrirtækjanna og setti yfir þau skilanefndir.

Ástandið á Íslandi á sér ekki hliðstæðu í þróuðu samfélagi. Bankakerfi landsins var í molum og lánshæfi þess brostið. Greiðslumiðlun við útlönd var stórlega löskuð og innflutningur á nauðsynjavöru var ótryggur. Eina raunhæfa leiðin út úr þessu ástandi var að freista þess að endurheimta alþjóðlegt lánstraust með samningum við Alþjóða gjaldveyrissjóðinn um áætlun til að koma efnahagi landsins á réttan kjöl. Samningar við sjóðinn leiddu fljótlega til samkomulags (*e. Stand By Agreement*).

Endurreisn bankanna

Fjármálaeftirlitið lagði mat á rekstrarhæfi og fjárhagsstöðu nýju bankanna eftir að hafa farið yfir viðskiptaáætlanir þeirra og fjármagnsþörf. Liður í mati á bönkunum var að gera álagspróf sem mældi gjaldfærni þeirra og lausafé til að sjá hvort fjármögnun þeirra og fjárhagur væri fullnægjandi. Fjármálaeftirlitið lagði einnig mat á áhættustýringu og stjórnarhætti bankanna.

VERÐMAT EIGNA OG SKULDA NÝJU BANKANNA

Eftir umfangsmikinn undirbúning af hálfu Fjármálaeftirlitsins var alþjóðlega ráðgjafarfyrirtækið Deloitte LLP ráðið til að annast óháð verðmat á mismun eigna og skulda sem fluttar höfðu verið í nýjar bankastofnanir á grundvelli neyðarlaganna. Annað alþjóðlegt ráðgjafarfyrirtæki á sviði fjármálastarfsemi, Oliver Wyman, var ráðið til að framkvæma yfirmat og gera úttekt á aðferðafræði matsins fyrir hönd Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitið fól Deloitte að byggja mat sitt á hugtakinu „gangvirði“ (*e. fair value*) miðað við þær forsendur að nýju bankarnir haldi áfram starfsemi sinni sem fullfjármagnaðir íslenskir bankar á innanlandsmarkaði og þurfi hvorki að losa eignir né gera upp skuldbindingar í bráð né með nauðungarsölu. Skilgreiningu þessari var ætlað að stuðla að því að meðalhófs væri gætt milli þeirra neyðarsjónarmiða sem kölluðu á yfirtöku bankanna annars vegar, og hins vegar réttmætra hagsmuna kröfuhafa þeirra. Skilgreiningin leiðir til þess að matið verður herra en líklegt söluverð viðkomandi eigna við þær aðstæður sem ríktu á mörkuðum þegar til aðgerðanna var gripið og gerir einnig nokkur skil þeim virðisauka sem leiðir af því að flytja eignirnar yfir í starfandi bankastofnanir. Í útfærslu gangvirðismatsins beitti Deloitte mismunandi aðferðum við ólíkar tegundir eigna. Helstu eignaflokkarnir voru útlán til viðskiptavina annars vegar – sem skiptust í lán til stærri fyrirtækja, smærri og meðalstórra fyrirtækja, auk einstaklingslána – og hins vegar aðrar eignir. Skuldbindingar bankanna fólust nánast eingöngu í innlánunum sem voru metin á nafnvirði. Heildarútlán til viðskiptavina, áður en tillit var tekið til afskriftaframlaga og leiðréttinga, námu meira en 80% af heildareignum í hverjum nýju bankanna. Þar af námu útlán til stærri fyrirtækja, með skuldir umfram 2,5 ma. kr., á bilinu 40–70% af heildarútlánunum til viðskiptavina og u.þ.b. 55–80% fyrirtækjaútlána á stofnindegi nýju bankanna.

Í tilviki stærri fyrirtækja athugaði Deloitte ítarlega upplýsingar í lánaskjölum hvers banka sem vörðuðu hvert fyrirtæki fyrir sig. Samtals athugaði Deloitte meira en 130 hópa tengdra fyrirtækja og hátt á fimmta hundrað fyrirtæki úr þeim hópi. Matið var annars vegar virði trygginga sem lágu að baki lánunum og hins vegar rekstrarvirði hvers fyrirtækis og réðst það af því hvort horfur voru á því að til slita fyrirtækisins kæmi hvort matið var notað.

Þegar um var að ræða lán til smærri fyrirtækja og einstaklinga var lagt mat á eignasöfnin í heild með því að styðjast við forsendur á borð við ætluð meðalvanskil eftir atvinnugreinum, endurheimtuhlutfall að gefnum vanskilum, vaxtakjör, endurgreiðsluskilmála og efnahagshorfur. Forsendurnar byggðust á upplýsingum frá nýju bönkunum sjálfum, frá Seðlabanka og á rannsóknunum á fyrri bankakreppum erlendis. Deloitte gaumgæfði einnig ítarlega næmi matsins gagnvart þeim forsendum sem stuðst var við.

Matið var byggt á tiltölulega neikvæðri sýn á efnahagshorfur sem studdist við greiningu fjölmargra aðila á framtíðarþróun efnahagsmála, jafnt á Íslandi sem erlendis. Því reyndist gangvirðismat Deloitte lægra en nafnvirði eignanna fyrir flutning þeirra. Matið er þó herra en svartsýnustu spár gáfu tilefni til, vegna þess hvernig gangvirðishugtakið var skilgreint í forsendum þess.

Niðurstöður matsins voru dregnar saman í þremur skýrslum, einni fyrir hvern hinna nýju banka. Veitti Fjármálaeftirlitið samningsaðilum aðgang að skýrslunum með ákveðnum takmörkunum í viðræðum um endurgjald fyrir mismun fluttra eigna og skulda.

Alvarlegasta ógnin sem steðjar að nýju bönkunum, að mati Fjármálaeftirlitsins, er útlánaáhætta og lausafjárahætta. Útlánaáhættan stafar fyrst og fremst af óvissu um gæði útlána bankanna. Lausafjárahættan stafar meðal annars af óvissu um fjárstreymi frá eignum sem færðar hafa verið til þeirra og hversu mjög þeir eru háðir skammtíma fjármögnun með innlánnum. Fjármálaeftirlitið telur að vegna þess hve þessi áhætta er mikil dugi ekki að meta hlutfall eiginfjár einungis með hefðbundnum hætti enda er efnahagsreikningur nýju bankanna ekki með hefðbundnu sniði.

Eigið fé bankanna er þó hátt miðað við það sem þekkest alþjóðlega og herra en innri viðmið þeirra segja til um. Þá sýna álagspróf Fjármálaeftirlitsins að nýju bankarnir þola langvarandi efnahagslægð (*e. Prolonged Deep Recession*) eins og hún er skilgreind af Fjármálaeftirlitinu í samvinnu við Seðlabanka Íslands. Til viðbótar þessu hefja nýju bankarnir rekstur með umtalsvert lausafé, það er stofnfé frá íslenska ríkinu. Þeir þola því að dráttur verði á því að fé fyrir eignir sem færðar hafa verið til þeirra skili sér samhliða því að útlán aukist.

Sköðun Fjármálaeftirlitsins á nýju bönkunum sýndi ákveðin frávik frá góðum starfsháttum varðandi stjórnun og áhættustýringu. Gerðar voru áætlanir um úrbætur fyrir alla bankana og er eftirfylgni Fjármálaeftirlitsins með framkvæmd þeirra komin á góðan rekspól.

Líkt og önnur fjármálaeftirlit vinnur Fjármálaeftirlitið að athugun á hæfi lykilstjórnenda og stjórnarmanna eftirlitsskyldra aðila. Þá kröfu verður að gera til yfirstjórnar þessara aðila að þess sé gætt að lykilstjórnendur búi yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta sinnt starfi sínu á tilhlýðilegan hátt. Ennfremur að þeir hafi ekki sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að ætla að þeir misnoti aðstöðu sína eða skaði fyrirtækið.

Í lok júní 2008 námu heildareignir íslenskra lánastofnana á samstæðugrunni samtals 16.550 ma.kr. eða sem samsvarar 11,2 faldri vergri landsframleiðslu 2008. Heildareignir lánastofnana, að frátöldum gömlu bönkunum, í lok júní 2009 eru hins vegar áætlaðar u.þ.b. 3.300 ma.kr. eða rúmlega tvöfaldri áætlaðri vergri landsframleiðslu 2009. Í árslok 2002, þegar starfsemi lánastofnana var fyrst og fremst bundin við innanlandsviðskipti eins og er á árinu 2009, var samsvarandi hlutfall heildareigna lánastofnana af vergri landsframleiðslu 1,5. Þess ber að geta að eignir Íbúðalánasjóðs eru ekki meðtaldar í ofangreindum tölum.

Lánastofnanir	Heildareignir í lok júní 2008 ma.kr.		Fjárhagsstaða eftir hrún	Lánastofnanir	Heildareignir í lok júní 2009 ma.kr.	
Viðskiptabankar, 3 stærstu	14.430	87%		Viðskiptabankar, 3 stærstu	2.560	79%
Aðrar lánastofnanir	1.340	8%		Aðrar lánastofnanir	700	21%
Aðrar lánastofnanir	625	4%		Lánastofnanir samtals	3.260	100%
Aðrar lánastofnanir	155	1%				
Lánastofnanir samtals	16.550	100%				
Hlutfall af VLF	1121%			Hlutfall af VLF	221%	
VLF 2008 í ma.kr.	1.477			VLF 2009 í ma.kr.	1.474	

■ í greiðslustöðvun ■ Ófullnægjandi eiginfjárstaða ■ Fullnægjandi eiginfjárstaða


3.2 Verðbréfamarkaður

Þróun á verðbréfamarkaði

Gríðarlegar breytingar hafa átt sér stað á verðbréfamarkaði og starfsemi verðbréfasviðs undanfarið ár. Eftir miklar hækkanir á verði hlutabréfa á liðnum árum lauk árinu 2007 með 3,2% lækkun á úrvalsvísitölunni OMXI15. Spár fyrir árið 2008 gerðu ráð fyrir áframhaldandi lækkunum á hlutabréfaferði en enginn átti von á þeim hörmungum sem dundu yfir íslenskt efnahagslíf í byrjun október 2008. Hinir stóru íslensku bankar, Landsbanki Íslands hf., Glitmir banki hf. og Kaupþing banki hf. voru burðarásar í íslensku hlutabréfavisitölunni sem réttilega var nefnd fjármálavísitala þar sem vægi fjármálafyrirtækja í henni nam allt að 90%. Við yfirtöku ríkisins á bönkunum hurfu þeir af markaði og hafði það veruleg áhrif á íslensku úrvalsvísitöluna, en helgina 10. – 13. október 2008 féll hún um 76%, en hafði það sem af var árinu 2008 þá þegar fallið um 61%.

Í byrjun október 2008 lokaði Fjármálaeftirlitið tímabundið fyrir viðskipti með hlutabréf í bönkunum þremur, Exista hf.,


Mynd 1 | Þróun úrvalsvísitölu



Straumi Burðarási Fjárfestingabanka hf. og SPRON hf. í því skyni að vernda fjárfesta og eðlilega starfsemi markaðarins, vegna óvenjulegs ástands á fjármálamörkuðum. Jafnframt tók Fjármálaeftirlitið þá ákvörðun að óvarin skortsala í þessum fyrirtækjum væri óheimil.

Markaðsvirði skráðra félaga í Kauphöll er nú eingöngu brot af því sem áður var. Í árslok 2007 var markaðsvirði skráðra félaga 2.570 ma.kr og nánast óbreytt frá því árinu áður. Þar af var hlutdeild fjármála fyrirtækja í markaðsvirði um 70%. Eftir bankahrundið haustið 2008 hefur markaðsvirði skráðra félaga snarlækkað og var í lok september 2009 um 203 ma.kr.

Mynd 2 | Markaðsvirði skráðra hlutabréfa



Fjöldi skráðra félaga í Kauphöll

Umtalsverðar breytingar hafa orðið á fjölda félaga skráðum í Kauphöll frá árslokum 2007 til loka september 2009 en á því tímabili fækkaði þeim úr 30 í 14.

Fjöldi	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009-9
Skráð félög í kauphöll	64	48	34	26	27	30	18	14

Þróun undanfarinna ára hefur verið sú að skráðum félögum hefur farið fækkandi og óvíst er hvenær íslenski hlutabréfamarkaðurinn nær fyrri hæðum hvað varðar fjölda skráðra félaga. Áætlanir Kauphallarinnar miða að því að á næsta ári komi 15 ný fyrirtæki inn í Kauphöllina og að í árslok 2010 verði skráð félög um 30 talsins.


Skuldabréfamarkaður

Velta með skuldabréf hefur frá því í október 2008 verið mjög mikil sem skýrist að miklu leyti af hruni bankanna. Mánaðarvelta með skuldabréf á árinu 2008 nam alls 435 ma.kr en heildarviðskipti með skuldabréf í Kauphöllinni á árinu voru samtals 5.225 ma.kr sem er tvöföldun veltu frá árinu áður, en heildarviðskipti með skuldabréf árið 2007 námu 2.430 ma.kr. Ekki er útlit fyrir að velta á skuldabréfamarkaði verði eins umfangsmikil á árinu 2009 og á árinu 2008 en til loka september 2009 var heildarvelta alls 2.060 ma.kr og meðalmánaðarvelta um 229 ma.kr.

Markaðsvirði skuldabréfa og víxla var í árslok 2008 1.691 ma.k. og hækkaði um 14% milli ára. Í lok september 2009 var markaðs-

virði skuldabréfa og víxla 1.323 ma.kr. og hefur lækkað um 22% frá áramótum.

Mynd 3 | Markaðsvirði skráðra skuldabréfa



RANNSÓKNIR Á VIÐSKIPTUM MED HLUTABRÉF

Í kjölfar bankahrunsins ákvað Fjármálaeftirlitið að rannsaka viðskipti með hlutabréf í aðdraganda þess að stóru bankarnir þrír lentu í erfiðleikum og beinast rannsóknir m.a. að því að skoða hvort brotið hafi verið gegn þeim lögum sem það hefur eftirlit með. Jafnframt voru óháðir sérfræðingar fengnir til að rannsaka hvort vikið hefði verið frá innri reglum bankanna, lögum og reglum um starfsemi fjármála fyrirtækja, lögum um verðbréfavíðskipti, svo og öðrum réttarheimildum sem varðað geta háttsemi þeirra einstaklinga og lögaðila sem athuginin beindist að. Fjármálaeftirlitið rannsakar þau mál frekar þar sem grunur er um brot á lögum sem það hefur eftirlit með.

Í mars 2009 tók ríkið jafnframt yfir rekstur Straums Burðaráss Fjárfestingabanka hf., SPRON hf. og Sparisjóðabanka Íslands hf. og í framhaldinu voru óháðir sérfræðingar fengnir til að rannsaka starfsemi þeirra á sama hátt og gert var í tilviki bankanna þriggja.

3.3 Lífeyris- og verðbréfasjóðamarkaður

Lífeyrissjóðir

Hrein eign lífeyrissjóðanna í árslok 2008 var 1.598 ma.kr. samanborið við 1.697 ma.kr. í árslok 2007. Lækkun á milli ára var því 5,9% sem samsvarar um 19% raunlækkun miðað við vísitölu neysluverðs. Eignir lífeyrissjóðanna í árslok 2008 sem hlutfall af landsframleiðslu voru 108% samanborið við 133% í árslok 2007. Mynd 4 sýnir þróun hreinnar eignar lífeyrissjóðanna og hlutfalls hennar af landsframleiðslu á árunum 2002 til 2008.


UPPLÝSINGASKYLDA ÚTGEFANDA

Fjármálaeftirlitið og Kauphöll Íslands eiga með sér samstarf um framkvæmd eftirlits á skipulegum verðbréfamarkaði, þ.m.t. eftirlit með upplýsingaskyldu útgefanda. Kauphöll Íslands hefur eftir fremsta megni eftirlit með tilkynningum útgefenda, þ. á m. flöggunartilkynningum aðila, og viðskiptum í viðskiptakerfi Kauphallarinnar með tilliti til þess hvort útgefendur uppfylli skyldu sína til að birta opinberlega allar upplýsingar sem lög kveða á um. Í sama skyni fylgdist Kauphöllin með fréttáflutningi helstu fjölmiðla er varða útgefendur fjármálagerninga. Ábyrgð á eftirliti hvílir þó eftir sem áður á Fjármálaeftirlitinu.

Vegna eftirlits og rannsókna tiltekinnna mála hefur Fjármálaeftirlitið óskað eftir upplýsingum og gögnum frá útgefendum sem og öðrum aðilum sem Fjármálaeftirlitið telur að veitt geti nauðsynlegar upplýsingar um einstaka þætti tiltekins máls. Einnig hefur Fjármálaeftirlitið farið á starfsstöð útgefenda og aflað upplýsinga, þ.m.t. tölvupóstsamskipta stjórnenda sem og óskað eftir að einstaklingar komi til skýrslugjafar.


Vorið 2009 ákvæð Fjármálaeftirlitið að halda fund með öllum útgefendum verðbréfa á skipulegum verðbréfamarkaði þar sem farið var sérstaklega yfir upplýsingaskyldu útgefenda. Lögð var áhersla á þann þátt upplýsingaskyldunnar að greina opinberlega frá upplýsingum sem eru líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninga ef opinberar væru. Á fundinum var einnig fjallað sérstaklega um viðurlög við brotum gegn ákvæðum laga og reglna um upplýsingaskyldu. Fjármálaeftirlitið væntir þess að fundur um upplýsingaskyldu útgefenda verði árlegur viðburður.

Mynd 4 | Þróun hreinnar eignar lífeyrissjóða



Iðgjaldagreiðslur til lífeyrissjóðanna hafa farið hækkandi allt frá gildistöku lífeyrissjóðalaganna eins og sést á mynd 5 sem sýnir þróun iðgjalda- og lífeyrisgreiðslna frá árinu 1997. Iðgjaldagreiðslur hafa verið að aukast að meðaltali um 16% á ári frá árinu 1997. Hinsvegar lækkuðu iðgjaldagreiðslur á milli árunna 2007 og 2008 um 22% eða úr 146 milljörðum króna í rúmlega 113 milljarða króna. Útgreiddur lífeyrir var tæplega 54 milljarðar árið 2008 og hafa lífeyrisgreiðslur farið hækkandi um 14% að meðaltali á ári frá árinu 1997.


Mynd 5 | Þróun iðgjalda- og lífeyrisgreiðslna árin 1997-2008



Ávöxtun


Hrein raunávöxtun lífeyrissjóðanna lækkaði töluvert á milli ára og var um -20,7% á árinu 2008 samanborið við 0,5% árið 2007. Hrein raunávöxtun lífeyrissjóðs er ávöxtun eigna leiðrétt fyrir vísitölu neysliverðs þegar kostnaður hefur verið dreginn frá fjárfestingartekjum. Þó ber að hafa í huga að lífeyrissjóðir eru langtímafjárfestar og því mikilvægt að líta til langtímaávöxtunar sjóðanna þegar árangur þeirra er metinn. Eins og sjá má á mynd 6, sem sýnir þróun raunávöxtunar lífeyrissjóðanna allt frá árinu 1991, er fimm og tíu ára meðalraunávöxtun sjóðanna jákvæð þrátt fyrir skell síðasta árs.

Mynd 6 | Hrein raunávöxtun lífeyrissjóða árin 1991-2008



Eins og komið hefur fram var hrein raunávöxtun lífeyrissjóða á árinu 2008 um -20,7%. Til samanburðar var hæsta ávöxtun samtryggingadeildar lífeyrissjóða 2,3% og lægsta ávöxtun -31,4%. Jafnframt var hæsta ávöxtun þeirra séreignadeilda sem störfuðu allt árið 2008 um 10,7% og lægsta ávöxtun -42,4%. Ávöxtun flestallra deilda var neikvæð á árinu 2008 en þrátt fyrir það náðu einstaka deildir jákvæðri ávöxtun. Á mynd 7 má sjá breytingu á milli árunna 2007 og 2008 á hæstu og lægstu hreinni raunávöxtun samtrygginga- og séreignadeilda. Mikilvægt skýring á mismunandi ávöxtun lífeyrissjóða innan tímabilla er ólík eignasamsetning.

Mynd 7 | Hæsta og lægsta hreina raunávöxtun samtryggingadeilda og séreignadeilda í árslok 2007 og 2008




Tryggingafræðileg staða

Tryggingafræðileg staða lífeyrissjóða án ábyrgðar versnaði verulega á árinu 2008 annað árið í röð eftir bata allt frá árinu 2003. Í árslok voru reknar 27 slíkar deildir í 23 sjóðum. Eins og sjá má á mynd 8 var tryggingafræðileg staða 3ja deilda í jafnvægi eða jákvæð árið 2008 samanborið við 22 deildir árið áður. Voru því 24 deildir með neikvæða stöðu og þar af 11 deildir með meiri en 10% halla. Með tryggingafræðilegri stöðu er átt við heildarstöðu eigna umfram skuldbindingar, þ.e.a.s. bæði áfallið (áunnið) og vegna framtíðar. Lífeyrissjóðalögin kváðu á um að lífeyrissjóðum beri að breyta samþykktum á þann veg að jafnvægi nái á milli eigna og skuldbindinga sé mismunur meiri en 10% eða meiri en 5% samfellt 5 ár í röð. Með bráðabirgðaákvæði sem gildi fyrir árið 2008 var heimilaður 15% mismunur milli eigna og skuldbindinga.

Tryggingafræðileg staða lífeyrissjóða með ábyrgð launagreiðenda versnaði að sama skapi mjög mikið. Áætlað er að tryggingafræðilegur halli þessara sjóða sé nálægt 45%.

Mynd 8 | Tryggingafræðileg staða lífeyrissjóða án ábyrgðar annarra í árslok 2007 og 2008



Þegar tryggingafræðileg staða er metin byggjast útreikningar á sjóðfélögunum sem eru í sjóðnum á þeim tímapunkti. Áfallin staða er reiknuð út frá þeim réttindum sem sjóðfélagar hafa áunnið sér með greiðslum til sjóðsins og eignum sjóðsins þegar

uppgjör fer fram. Framtíðarstaða byggist á ætluðum framtíðariðgjöldum sjóðfélaga og skuldbindingum vegna þeirra. Í þeim útreikningum er ekki gert ráð fyrir nýliðun í sjóðnum.

Fjárfestingar

Á árinu 2008 lækkaði hlutfall verðbréfa með breytilegar tekjur á kostnað hlutfalls verðbréfa með fastar tekjur. Hlutfall verðbréfa með breytilegar tekjur hjá samtryggingadeildum var 48% í árslok 2007 samanborið við 36% í árslok 2008 eins og sést á mynd 9. Þar má jafnframt sjá að hlutfallið lækkaði úr 68% í 51% hjá séreignadeildum á árinu 2008. Hærra hlutfall verðbréfa með breytilegar tekjur hjá séreignardeildum endurspeglar áhættusæknari fjárfestingastefnu séreignardeilda en samtryggingadeilda. Einnig er áberandi aukning í flokknum annað hjá séreignardeildum en þar undir flokkast bankainnstæður.

YFIRTÖKUMÁL


Nokkur umtöluð yfirtökumál hafa komið til athugunar hjá Fjármálaeftirlitinu á liðnu ári.

Í byrjun árs 2009 barst Fjármálaeftirlitinu beiðni um að lækka lágmarksverð í yfirtökutilboði BBR ehf. í Exista hf. úr 4,62 kr. á hlut niður í 0,02 kr. á hlut, þ.e. verðið sem BBR ehf. greiddi fyrir hvern hlut í hlutafjárhekkun Exista hf. 8. desember 2008, vegna sérstakra kringumstæðna. Það var mat Fjármálaeftirlitsins að sérstakar kringumstæður réttlættu að lágmarksverð í yfirtökutilboði í Exista hf. yrði lækkað og var PriceWaterhouseCoopers hf. fengið til þess að framkvæma takmarkað verðmat á Exista hf. Niðurstaða Fjármálaeftirlitsins varð sú að lágmarksverð í yfirtökutilboðinu skyldi lækkað og vera að lágmarki 0,02 kr. á hlut.

Fjármálaeftirlitið fékk til athugunar skipan mála varðandi eignarhald Icelandair Group hf. Athuginin leiddi í ljós að Íslandsbanki hf. hefði óbein yfirráð í Icelandair Group hf., vegna stöðu sinnar sem lánardrottinn stórra hluthafa félagsins, sem ekki stæðu við skuldbindingar sínar samkvæmt lánasamningum, og að Íslandsbanki hf. bæri skylda til að gera öðrum hluthöfum félagsins yfirtökutilboð. Ákvað Fjármálaeftirlitið að Íslandsbanki hf. skyldi veitt skilyrt undanþága frá tilbodsskyldu skv. 5. mgr. 100. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.) til að fara með yfirráð yfir allt að 50% hlutafjár í Icelandair Group hf., vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem bankinn væri í sem kröfuhafi gagnvart stórum hluthöfum félagsins.

Þá bárust ábendingar frá hluthöfum Alfesca hf., þar sem því var haldið fram að ekki væri jafnræði milli hluthafa Alfesca hf., vegna kjara sem Kaupthing Singer & Friedlander (KSF) byðist frá Alta Food Holding B.V. (AFH), en AFH var í samstarfi við tilbodsgjafann, Lur Berri Iceland ehf. Niðurstaða Fjármálaeftirlitsins var sú að umræddur gemingur milli KSF og AFH væri ígildi viðskipta í skilningi 2. og 3. mgr. 103. gr. vvl. Óvíst væri þó að réttindi KSF samkvæmt samningnum myndu í raun færa félaginu ávinning umfram aðra hluthafa og því væri ekki unnt að líta svo á að jafnræði hluthafa væri raskað. Þá var því hafnað að sérstakar kringumstæður væru fyrir hendi sem réttlættu beitingu undanþáguheimildar til hækkunar tilbodsverðs.


Mynd 9 | Eignasamsetning samtrygginga- og séreignadeilda í árslok 2007 og 2008



Hlutfall hlutabréfa og hlutdeildar í öðrum sjóðum en verðbréfasjóðum sem starfa samkvæmt lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði (UCITS) af hreinni eign lífeyrissjóða var 29% í árslok 2008 samanborið við 41% í árslok 2007 eins og fram kemur á mynd 10. Samkvæmt lögum má hlutfallið að hámarki vera 60% af hreinni eign sjóðanna og því er enn nokkurt svigrúm fyrir hendi hjá lífeyrissjóðunum til þess að auka fjárfestingar í framangreindum verðbréfum.


Hlutfall hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóðum sem starfa samkvæmt lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði (UCITS) af hreinni eign lífeyrissjóða var 20% í árslok 2008 eins og sjá má á mynd 10. Lífeyrissjóðir mega að hámarki eiga 25% af útgefnum hlutdeildarskírteinum einstaks sjóðs samkvæmt lífeyrissjóðalögnum. Við flokkun hlutdeildarskírteina er litið til undirliggjandi eigna verðbréfasjóðsins en engin hámark eru sett í lögnum varðandi hámarkseign sem hlutfall af hreinni eign lífeyrissjóðanna. Samkvæmt framangreindu er nokkur hluti hlutabréfaeignar lífeyrissjóðanna undirliggjandi eign verðbréfasjóðs í hlutabréfum sem jafnframt kemur fram á myndinni.

Mynd 10 | Hlutfall hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða (l. nr. 30/2003) og hlutabréfa af hreinni eign lífeyrissjóða




Hlutfall gengisbundinna eigna af hreinni eign lífeyrissjóðanna hefur farið hækkandi allt frá gildistöku lífeyrissjóðalaganna eins og sést á mynd 11 sem sýnir þróun frá árinu 2000. Hlutfallið hækkaði nokkuð milli áruna 2007 og 2008 úr 25% í 31% hjá samtryggingadeildum. Hins vegar lækkaði það úr 29% í 25% hjá séreignardeildum á sama tímabili. Samkvæmt lífeyrissjóðalögum má hlutfall gengisbundinna eigna af hreinni eign að hámarki vera 50%. Því er enn verulegt svigrúm fyrir hendi hjá lífeyrissjóðum til fjárfestinga í erlendum verðbréfum.

Mynd 11 | Hlutfall gengisbundinna eigna af hreinni eign lífeyrissjóða



Hlutfall óskráðra verðbréfa af hreinni eign lífeyrissjóðanna hækkaði úr 6,1% í lok árs 2007 í 10,9% í lok árs 2008. Hlutfallið hefur farið hækkandi frá árinu 2005 eins og sjá má á mynd 12 en hlutfallið má að hámarki vera 20% samkvæmt lífeyrissjóðalögnum. Ástæðu þess að hlutfall óskráðra verðbréfa hefur farið hækkandi má að einhverju leyti rekja til afskráningar verðbréfa af skipulegum verðbréfamarkaði og takmarkaðs framboðs af skráðum verðbréfum í ljósi núverandi aðstæðna


Mynd 12 | Hlutfall óskráðra verðbréfa af hreinni eign lífeyrissjóða



Réttindakerfi lífeyrissjóða

Fjármunir í sjóðum með aldurstengda réttindaávinnslu hafa aukist hægt og sígandi allt frá gildistöku lífeyrissjóðalaganna. Á árinu 2006 varð skörp breyting þegar fimm sjóðir skiptu út jafri ávinnslu fyrir aldurstengda. Á árinu 2007 varð einnig breyting þegar einn sjóður skipti út blandaðri ávinnslu fyrir aldurstengda. Mynd 13 sýnir þróunina á árunum 2005–2008.

Mynd 13 Réttindaávinnslukerfi lífeyrissjóða m.v. hreina eign




Viðbótartryggingarvernd og séreignarsparnaður

Lífeyrissjóðum, bönkum, sparissjóðum, verðbréfafyrirtækjum og líftryggingafélögum er heimilt að veita viðtöku iðgjöldum til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingarverndar umfram lögbundna lágmarkstryggingarvernd samkvæmt ákvæðum lífeyrissjóðalaga. Sparnaðurinn er séreignarsparnaður þar sem hann er séreign sem erfist að fullu við andlát réttihafa.


Í árslok 2008 var uppsafnaður séreignarsparnaður hjá lífeyrissjóðum og öðrum vörsluaðilum 256 ma.kr. samanborið við 238 ma.kr. í árslok 2007. Sparnaðurinn óx því um 7% á milli ára. Að meðaltali hefur sparnaðurinn vaxið um 28% á ári á árunum 1999–2008 eða á bilinu 7% til 41%. Á mynd 14 má sjá hlutfallslega skiptingu séreignarsparnaðar á milli tegunda vörsluaðila í árslok 2000 og árslok 2008. Eins og myndin sýnir er stærstur hluti séreignarsparnaðar enn í vörslu lífeyrissjóða sem störfuðu sem hreinir séreignarsjóðir fyrir gildistöku lífeyrissjóðalaganna þótt hlutur þeirra fari minnkandi.

Mynd 14 Hlutfallsleg skipting séreignarsparnaðar milli tegunda vörsluaðila



Á mynd 15 má sjá þróun uppsafnaðs séreignarsparnaðar árin 2005–2008 hjá vörsluaðilum öðrum en þeim lífeyrissjóðum sem störfuðu áður sem hreinir séreignarsjóðir. Uppsafnaður séreignarsparnaður hjá öðrum lífeyrissjóðum var 30 ma.kr. í árslok 2008 en sparnaður hjá vörsluaðilum öðrum en lífeyrissjóðum, þ.e. bönkum, verðbréfafyrirtækjum, sparissjóðum og líftryggingafélögum, var samtals 97 ma.kr. og skiptist á milli þeirra eins og myndin sýnir.


Mynd 15 Uppsafnaður séreignarsparnaður (án lífeyrissjóða sem störfuðu sem hreinir séreignarsjóðir fyrir gildistöku laga nr. 129/1997)



Lífeyrissjóðum er heimilt samkvæmt lífeyrissjóðalögum að skilgreina þá lágmarkstryggingarvernd sem þeim er skylt að veita samkvæmt lögnum með þeim hætti að hluti iðgjalds til lágmarkstryggingarverndar, sem er 12%, renni til séreignarsparnaðar. Þessi séreignarsparnaður getur annað hvort verið hluti

af lágmarkstryggingarverndinni eða viðbótartryggingarvernd. Séreignarsparnaður stafar því ekki einvörðungu frá iðgjöldum til viðbótartryggingarverndar eins og nefnt er hér að framan þó svo að það eigi við um langstærstan hluta sparnaðarins eins og mynd 16 hér að neðan sýnir.

Mynd 16 | Tegundir séreignarsparnaðar í árslok 2008



Myndin sýnir að um 87% uppsafnaðs séreignarsparnaðar, samtals að fjárhæð 256 ma.kr., á rætur að rekja til iðgjalda til viðbótartryggingarverndar. Um 13% uppsafnaðs séreignarsparnaðar á hins vegar rætur að rekja til iðgjalda til lágmarkstryggingarverndar. Af framangreindum 13% eru um 6% séreignarsparnaður sem er hluti af viðbótartryggingarvernd en um 7% eru séreignarsparnaður sem hluti af lágmarkstryggingarvernd.

Séreignarsparnaður í vörslu lífeyrissjóðanna nam 159 ma.kr. í árslok 2008 eða 9,9% af hreinni eign sjóðanna. Sama hlutfall var 9,7% í árslok 2007 og hefur hlutfallið farið hækkandi frá gildis-töku lífeyrissjóðalaganna.

Sé séreignarsparnaði hjá öðrum vörsluaðilum en lífeyrissjóðum í árslok 2008 að fjárhæð 97 ma.kr. bætt við hreina eign lífeyris-sjóðanna í árslok sama árs að fjárhæð 1.598 ma.kr. fæst að heildareignir lífeyriskerfisins voru 1.695 ma.kr. í árslok 2008 eða 114,8% af vergri landsframleiðslu. Til samanburðar var sama fjárhæð 1.771 í árslok 2007 eða 138,4% af vergri landsfram-leiðslu.

Verðbréfasjóðir

Rekstrarfélög verðbréfasjóða undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins voru í lok júní 2009 níu talsins samanborið við sjö á sama tíma árið 2008. Fjögur rekstrarfélaganna eru með starfsleyfi til eign-astýringar.

Í lok júní 2009 voru starfandi 22 verðbréfasjóðir samanborið við 21 á sama tíma árið 2008. Í lok júní 2009 höfðu verið staðfestir 14 fjárfestingarsjóðir samanborið við 30 á sama tíma árið 2008, samanber eftirfarandi yfirlit.


Fjöldi:	30.06.2008	30.06.2009
Verðbréfasjóðir	21	22
Þar af deildaskiptir sjóðsdeildir	8	9
	29	29
Fjárfestingarsjóðir	30	14
Þar af deildaskiptir sjóðsdeildir	6	4
	20	11

Á tímabilinu var einum verðbréfasjóði, fjórum deildum verð-bréfasjóða, fjórtán fjárfestingarsjóðum og sex deildum fjárfest-ingarsjóða slitið. Í lok tímabilsins voru þrjár verðbréfasjóðir, einn fjárfestingarsjóður og fimm deildir fjárfestingarsjóða í slitaferli.



Fjármálaeftirlitinu hafa borist tilkynningar frá 50 erlendum verðbréfasjóðum með 350 sjóðsdeildum vegna fyrirhugaðrar markaðssetningar á Íslandi. Listi yfir sjóðina er aðgengilegur á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.

Eignir verðbréfa- og fjárfestingarsjóða, samkvæmt lögum nr. 30/2003 um verðbréfa- og fjárfestingarsjóði, minnkuðu um 72% á milli árunum 2008 og 2009 en þann 30. júní 2009 námu þær 191 ma.kr. samanborið við 689 ma.kr. á sama tíma árið 2008. Á mynd 17 má sjá þróun eigna verðbréfa- og fjárfest-ingarsjóða á árunum 2005 – 2009. Eins og sést jukust eignir sjóðanna um 92% á árunum 2005 til 2008 áður en stór hluti eignanna tapaðist síðari hluta árs 2008 og í byrjun árs 2009 vegna bankakreppunnar

Mynd 17 | Þróun eigna verðbréfa- og fjárfestingarsjóða



Stærstur hluti eigna verðbréfa- og fjárfestingarsjóða er bundinn í verðbréfum með föstum tekjum. Um mitt ár 2009 voru 83% af eignum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða bundin í verðbréfum með föstum tekjum. Á mynd 18 má sjá eignir verðbréfa- og fjárfestingarsjóða á árunum 2005 – 2009.



Afkoma eftir greinum

Ökutækjatyggingar eru stærsti einstaki greinaflokkur váttrygginga hér á landi og hefur sá flokkur samanlagt verið rekinn með hagnaði. Þegar ökutækjatyggingum er skipt upp í tvennt, lögboðnar ökutækjatyggingar annars vegar og frjálsar ökutækjatyggingar hins vegar, sést að tap hefur verið af rekstri frjálsra ökutækjatygginga. Hagnaður af lögboðnum ökutækjatyggingum vegur hins vegar upp á móti og skilar félögum samanlagt hagnaði af þessum greinaflokki. Fjöldi slysatjóna hefur farið lakkandi en hins vegar er árlega hækkun á meðalkostnaði við hvert slys, sem rekja má m.a. til verðlags- og launahækkana.

3.4 Váttryggingamarkaður


Afkoma skaðatryggingafélaga 2008

Miklar breytingar voru á afkomu innlendu skaðatryggingafélaganna á liðnu ári sé borið saman við árin 2006 og 2007. Samanlagt tap af rekstri þeirra var nærri 50 ma.kr og er það breyting um nær 70 ma.kr. sé borið saman við afkomu ársins 2007, þegar hagnaður félaganna var 20,3 ma.kr. Tapið má nær eingöngu rekja til mikils taps af fjárfestingum félaganna en á undanföllum árum hafa fjárfestingar skilað umtalsverðum hagnaði. Á árinu 2007 var hagnaður af fjármálastarfsemi tæpir 10 ma.kr. en á liðnu ári var sú fjárhæð neikvæð um 48 ma.kr. Ástæður þessa mikla taps eru einkum tvær. Annars vegar tap Tryggingamiðstöðvarinnar hf. vegna sölu á norska dótturfélaginu Nemi Forsikring ASA, hins vegar tap vegna matsbreytinga á fjárfestingum Sjóváar Almennra trygginga hf.


Rekstur skaðatryggingafélaga skiptist í váttryggingastarfsemi sem er kjarnastarfsemi félaganna auk fjárfestingastarfsemi sem hefur að markmiði að ávaxta eignir þær sem koma á móti váttryggingaskuldbindingum. Váttryggingastarfsemin skiptist í ýmsa greinaflokka, s.s. ökutækjatyggingar og eignatryggingar.

Tap skaðatryggingafélaga af váttryggingarekstri var 3,8 ma.kr. á síðasta ári en þar vegur þungast tap Viðlagatryggingar vegna jarðskjálftans á Suðurlandi. Samanborið við árið á undan, þegar hagnaður var 3,6 ma.kr., hefur afkoman versnað um 7,4 ma.kr. Að undanskilinni Viðlagatryggingu var hagnaður skaðatryggingafélaga af váttryggingarekstri 819 m.kr. Borið saman við afkomu ársins 2007 þegar hagnaður var 2,5 ma.kr., hefur afkoman versnað um 1,7 ma.kr.

Mynd 20 | Lögjöld, tjón og hagnaður/tap í lögboðnum og frjálsum ökutækjatyggingum 2006-2008 á verðlagi ársins 2008




Mynd 21 | Fjöldi slysatjóna í ökutækjatyggingum og meðalkostnaður á hvert slys 2006-2008



Eignir skaðatryggingafélaganna rýrnuðu um fjórðung á milli ára 2007 og 2008 og í krónum talið nemur sú fjárhæð um 33 ma.kr. Var fjárhæðin 130,6 ma.kr í árslok 2007 en hafði lækkað í 97,9 ma.kr ári síðar. Sömuleiðis urðu talsverðar breytingar á eignasamsetningu félaganna, eða þeim eignum sem ætlað er að mæta váttryggingaskuldbindingum, oft nefnt bótasjóður. Í stuttu máli hefur dregið verulega úr skráðum og óskráðum hlutabréfum og hluteildarskírteinum. Á móti hafa skuldabréf og bankainnstæður aukist verulega.

Mynd 22 | Hlutfall nokkurra eignarliða af eignum váttryggingafélaga alls árin 2006-2008




Afkoma líftryggingafélaga 2008

Hagnaður innlendu líftryggingafélaganna eftir skatt var tæplega 1,5 ma.kr. árið 2008 samanborið við rúmlega 1,3 ma.kr árið 2007.

Rekstur líftryggingafélaga skiptist í líftryggingastarfsemi og fjármálastarfsemi. Örlítið minni hagnaður var af líftryggingastarfsemi árið 2008, eða 1,3 ma. kr. en árið áður var hann 1,4 ma.kr.

Tekjur af fjármálastarfsemi tífölduðust hins vegar á milli ára, voru rúmlega 300 m.kr., samanborið við 30 m.kr. árið áður. Mikil breyting varð á eignasamsetningu félaganna á árinu, eign í verðbréfum með breytilegum tekjum (hlutabréfum og verðbréfasjóðum) lækkaði um 51% og eign í skuldabréfum lækkaði um 33%.

Mynd 23 | Lögjöld og hagnaður/tap í líftryggingum 2006-2008 á verðlagi ársins 2008 (í milljónum króna)



Eignir í sjóðum og bankainnstæðum jukust hins vegar úr 500 m.kr. í 2,7 ma.kr. sem skýrir auknar tekjur af fjármálastarfsemi.

Eignir líftryggingafélaganna lækkuðu um 11,4% á milli ára. Þær voru í árslok 2008 um 12,2 ma.kr., samanborið við 13,8 ma.kr. í árslok 2007. Eigið fé líftryggingafélaganna nam 4,7 ma.kr. og lækkaði á árinu um 7,5%. Fjárfestingar vegna söfnunarlíftrygginga (líftrygginga með fjárfestingaráhættu líftryggingartaka) drógust saman um 21,3% á árinu, að öllum líkindum bæði vegna rýmunar eigna og innlausnar samninga.


Afkoma váttryggingafélaga fyrstu níu mánuði ársins 2009

Fjármálaeftirlitið óskaði eftir gögnum frá váttryggingafélögum sem sýndu ákveðnar stærðir í efnahags- og rekstrarreikningi félaganna. Ber helst að nefna að hagnaður skaðatryggingarfélaga var 5,9 ma.kr. og hagnaður líftryggingafélaganna var 1,1 ma.kr.. Hagnaður af váttryggingastarfseminni var 0,9 ma.kr sem þýðir að hagnaður af fjármálastarfsemi var 5 ma.kr.. Þessu er öfugt farið hjá líftryggingafélögum þar sem 183 m.kr. hagnaður varð af fjármálastarfsemi en 1.128 m.kr. af líftryggingastarfsemi. Váttryggingaskuld félaga á skaðatryggingamarkaði nam í lok september 63 ma.kr. og eigið fé var 38 ma.kr.. Líftryggingaskuld nam 2 ma.kr. og eigið fé þeirra fimm félaga sem starfa á markaðnum var 5,3 ma.kr.

Eignir til jöfnunar váttryggingaskuldar í lok júní 2009

Stærstu einstöku eignir váttryggingafélaga til jöfnunar váttryggingaskuldar í lok júní 2009 eru „skráð verðbréf með ábyrgð ríkis og sveitarfélaga“, þ.e. opinberra aðila, en eignin nemur ríflega 26% af váttryggingaskuldinni. Næst stærsti liðurinn er „innstæður í viðskiptabönkum og sparisjóðum“ en þær nema ríflega 23% af váttryggingaskuldinni. Leyfilegt er að þessar tvær ádurtdaldar eignir mæti allri váttryggingaskuldinni. Má segja að váttryggingafélögin hafa í ríkari mæli breytt eignasamsetningu sinni með því að selja íslensk hlutabréf úr eignasöfnum sínum og setja andvirði þeirra í skráð skuldabréf, ríkisskuldabréf og bankareikninga sem endurspeglar að nokkru leyti ástandið á fjármálamörkuðum heimsins. Þriðji stærsti eignaflokkurinn er fasteignir, lönd og lóðir. Samkvæmt reglugerð um eignir til jöfnunar váttryggingaskuldar nr. 646/1995 eru ákveðin mörk á hverjum eignaflokki sem váttryggingafélögin mega nota til jöfnunar váttryggingaskuldar. Það má ennfremur líta á þessa reglugerð sem leiðbeinandi fyrir fjárfestingar váttryggingafélaganna með eignir umfram váttryggingaskuld þar sem eignir eiga að mæta váttryggingaskuld á hverjum tíma. Sum váttryggingafélög hafa tímabundna undanþágu frá hámarki á verðbréfum og kröfur án sérstakrar tryggingar.

Mynd 24 | Hlutföll eigna til jöfnunar váttryggingaskuldar 2006-2009



Staða virkra eigenda íslenskra váttryggingafélaga

Vandi íslenskra fjárfestinga- og eignarhaldsfélaga hefur haft áhrif á íslensk váttryggingafélög. Stoðir hf. (áður FL Group) var eigandi Tryggingamiðstöðvarinnar hf. og dótturfélaga. Í kjölfar nauðasamninga komust Stoðir í eigu kröfuhafa fyrr á þessu ári. Stærstir í hópi þessara kröfuhafa eru Glitnir og Nýi Landsbankinn ásamt erlendum bönkum og er Tryggingamiðstöðin hf. nú komin í óbeina eigu íslenskra fjármálafyrirtækja.

Váttryggingafélag Íslands hf. og Líftryggingafélag Íslands hf. eru í eigu Exista sem nú vinnur að fjárhagslegri endurskipulagningu og óvíst er hvernig þeirri endurskipulagningu mun lykta. Eignarhald Exista á áður nefndum váttryggingafélögum hefur því ekki breyst.

Sjóvá Almennar tryggingar hf. var hluti sænsku fjármálasamsteypunnar Moderna Finance (áður Invik) sem var í eigu Milestone. Milestone er nú í gjaldþrotaskiptum og öll félög sem áður tilheyrðu þessari samstæðu eru nú komin í eigu nýrra aðila. Fyrr á þessu ári gekk Glitnir banki hf. að veðum í Sjóvá Almennum tryggingum hf., tók yfir rekstur félagsins og skipaði félaginu nýja stjórn. Glitnir hafði forgöngu um fjárhagslega endurskipulagningu félagsins í samvinnu við fjármálaráðuneytið og Seðlabanka Íslands. Þeirri endurskipulagningu lauk um mitt sumar með því að stofnað var nýtt váttryggingafélag, SA tryggingar hf., á grunni Sjóvár Almennra trygginga hf. Nýja félagið fékk starfsleyfi til váttryggingarekstrar í september sl. og til nýja félagsins fluttist váttryggingastofn Sjóvár Almennra trygginga hf.

Vörður tryggingar hf. hefur verið í óbeinni eigu Landsbankans, Byrs og SP fjármögnunar og breyttist eignarhald félagsins ekki í kjölfar bankahrunsins. Félagið hefur hins vegar átt í fjárhagslegum erfiðleikum og af þeim sökum verið undir sértæku

eftirliti Fjármálaeftirlitsins frá því á miðju ári 2008. Staða félagsins breyttist í september 2009 þegar Færejabanki sótti um heimild til að fara með meirihluta hlutfjár í Verði tryggingum hf. og 20% hlutfjár í Verði líftryggingum hf. Fjármálaeftirlitið hefur nýlega samþykkt umsókn bankans. Færejabanki hefur skuldbundið sig til að auka hlutfé Varðar trygginga hf.

Að lokum má nefna að eftir fall Kaupþings banka hf. tók Nýi Kaupþing banki hf. við eignarhaldi í Kaupþingi líftryggingum hf. Í kjölfarið var nafni félagsins breytt og heitir nú Okkar líftryggingar hf.

Fjárhagsstaða íslenskra váttryggingafélaga og váttryggingamiðlara

Þó að afkoma íslenskra váttryggingafélaga hafi verið mun lakari á árinu 2008 sé borið saman við fyrri ár er staða þeirra engu að síður traust. Á liðnu ári voru 4 félög undir sértæku eftirliti skv. 90. gr. laga um váttryggingastarfsemi þar sem þau uppfylltu ekki skilyrði laga um gjaldþol.

Fjármálaeftirlitið hóf sértækt eftirlit með Sjóvá Almennum tryggingum hf. haustið 2008. Félagið var leyst undan þessu eftirliti í september sl. í kjölfar veitingar starfsleyfis til SA trygginga hf.

Vörður tryggingar hf. og Vörður líftryggingar hf. hafa sömuleiðis verið undir sértæku eftirliti frá því á miðju árinu 2008. Það er hins vegar að breytast þar sem nýir eigendur eru að koma að félögunum og munu þau í kjölfar þess uppfylla öll skilyrði um gjaldþol sem kveðið er á um í lögum um váttryggingastarfsemi.

European Risk Insurance Company hf. (ERIC) hafði verið undir sértæku eftirliti vegna áðurnefndrar 90. gr. laga um váttryggingastarfsemi. Í september 2008 uppfyllti félagið öll skilyrði laga er lúta að gjaldþoli og var í kjölfarið leyst undan þessu sértæka eftirliti.

Umboðslaun vegna miðlunar váttrygginga jukust örlítið á liðnu ári sé borið saman við árið 2007. Árið 2007 námu umboðslaun ríflega 396 m. kr. og voru á árinu 2008 nær 403 m.kr. Rekstur váttryggingamiðlara hefur heldur batnað á liðnum árum þó hagnaður hafi dregist saman á milli áruna 2007 og 2008. Heildarhagnaður af rekstri váttryggingamiðlara var tæpar 50 m.kr. vegna ársins 2008 og hafði þá lækkað um 3 m.kr. frá árinu áður.

Eftirlitsheimsóknir (e.on-site)

Váttryggingafélög og váttryggingamiðlanir

Á váttryggingasviði voru gerðar sérstakar athuganir á verklagi við ákvörðun iðgjalda og á viðskipaháttum með sérstakri áherslu á ökutækjatrýggingar hjá fjórum stærstu skadaþryggingafélögunum.

Farið var í eftirlitsheimsókn til fjögurra váttryggingamiðlara. Þar var farið yfir alla helstu þætti í starfsemi þeirra, s.s. fjárhagslega stöðu, rekstur og framkvæmd upplýsingaskyldu samkvæmt lögum um miðlun váttrygginga nr. 32/2005 o.fl.

Í framhaldi heimsókna voru gerðar sérstakar athuganir á upplýsingaskyldu váttryggingamiðlara og á heimasíðum váttryggingamiðlara.


Ýmsar athuganir (e.off-site)

Fjármálaeftirlitið tók til skoðunar fyrirkomulag váttryggingarskilmála atvinnurekstrartrygginga, kaskótrygginga ökutækja og kortatrygginga ásamt því að framkvæma athugun á upplýsingaskyldu váttryggingaumboðsmanna í samræmi við 55. gr. laga um váttryggingastarfsemi. Ýmsar athugasemdir voru gerðar, meðal annars varðandi varúðarreglur í váttryggingaskilmálum.

Fjármálaeftirlitið óskaði eftir yfirliti frá þremur stærstu váttryggingafélögunum um fjárfestingarverkefni sem tengdust eigendum frá yfirtöku þeirra. Var spurt um fjárfestingarverkefni þar sem eigandi var mótaðili í viðskiptum eða eigandi kom að ákvörðun um viðskiptin. Upplýsingar þessar voru nýttar í rannsókn á því hvort eigendur félaganna hefðu misnotað aðstöðu sína.

Fjármálaeftirlitið ákvað að óska eftir gögnum frá eftirlitsskyldum aðilum á líftryggingamarkaði sem sýndu fjárfestingar í söfnunarlíftryggingum með fjárfestingaráhættu líftryggingataka í lok ársins 2008. Tilfnið var að hafa eftirlit með þessum þætti því að þó að ekki séu takmarkanir í lögum á fjárfestingum váttryggingafélaga með fjármuni váttryggingartaka í söfnunarlíftryggingum er það hluti af góðum viðskiptaháttum að fjárfest sé á ábyrgan hátt. Sjá má skiptingu eignanna á mynd 25.

Mynd 25 | Fjárfestingar í söfnunarlíftryggingum 2008



4.1

Breytt viðhorf til eftirlits og alþjóðlegir straumar

Eftirlitsaðilar á Íslandi og í Evrópu endurskoða nú aðferðir sínar í kjölfar kreppunnar. Á heimsvísu fer þetta starf fram undir merkjum Basel nefndarinnar um bankaefirlit. Áhersla er lögð á hvaða lærdóm og ályktanir sé hægt að draga af kreppunni. Ýmsar merkar skýrslur á borð við Turner skýrsluna, sem Turner lávarður, stjórnarformaður breska fjármálaeftirlitsins vann, hafa verið teknar saman og þar hafa verið dregin fram ýmis lykiltríði sem eftirlitsaðilar þurfa að huga að. Hvað snertir eiginfjárlutfall (*e. Capital Adequacy Ratio*) beinast endurbætur á reglum að því að fjármálfyrirtæki auki eigið fé sitt. Endurskoðun á þessum reglum ætti að geta dregið úr mögnunarhrifum (*e. pro-cyclical*) núverandi reglna sem hafa dýpkað kreppuna að mati margra gagnrýnenda. Ráðlagt er að byggja upp varsjóð í góðari sem hægt er að ganga á á erfiðari tímum. Endurskoða ætti umbunarkerfi með það fyrir augum að draga úr áhættusækni til skamms tíma sem rekja má til bónuskerfa fjármálfyrirtækja. Í staðinn ætti að hvetja til hegðunar sem þjónar langtímahagsmunum fjármálfyrirtækja. Ennfremur er stungið upp á strangari reglum um greiðslugetu (*lausafjárstöðu*) fjármálfyrirtækja.

Eftirlitsaðilar um allan heim hafa viðurkennt þörfina á því að rannsaka fjármálastarfsemina í víðara samhengi í viðbót við hefðbundnar athuganir á fjárhagslegri stöðu og styrk fjármálfyrirtækja. Þetta verði gert með því að skoða áhrif ákveðinna stofnana á fjármálakerfið í heild. Eftirlitsaðilar hyggjast samhæfa vinnu sína betur við störf seðlabanka sem gæta að almennum fjármálastöðugleika.

Í Evrópu er unnið að því að endurskoða eiginfjárreglur (*e. Capital Adequacy Rules*). Ríki innan Evrópusambandsins hafa samþykkt að fylgja í aðalatriðum tillögum um evrópskan eftirlitsramma sem samdar voru af nefnd sem Jacques de Larosière, fyrrum forstjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, veitti forstöðu. Samstarfsnefnd evrópskra bankaefirlita (*e. The Committee of European Banking Supervisors - CEBS*) verður breytt í evrópsku bankaefirlitsstofnunina (*e. European Banking Authority - EBA*) sem t.d. mun hafa vald til þess að setja bindandi eftirlitsreglur. Það sama á við um samstarfsnefndir evrópskra eftirlita á verðbréfamarkaði og váttryggingamarkaði (*e. CESR og CEIOPS*) en þeim verður hvorri um sig breytt í evrópska eftirlitsstofnun á sínu sviði. Til viðbótar þessu verður sett á fót sérstök stofnun, sem leggur mat á kerfislæga áhættu og ógn við fjármálastöðugleika (*e. European Systemic Risk Council*). Þessi stofnun mun samhæfa störf sín við bankaefirlitsstofnunina (*EBA*).

4.2

Ný nálgun við eftirlit

Unnið er að því að endurskoða eftirlitsaðferðir Fjármálaeftirlitsins. Við þessa endurskoðun er höfð hliðsjón af niðurstöðum úr mörgum áttum, bæði innlendum (eins og Jännari-skýrslunni) og alþjóðlegum (t.d. Turner-skýrslunni). Í nýju skipuriti fyrir Fjármálaeftirlitið er gert ráð fyrir nýrri deild sem mun einbeita sér að réttarreikningsskilum. Þessi deild mun stýra nákvæmum rannsóknnum á ársskýrslum fjármálfyrirtækja. Fjármálaeftirlitið mun einnig leggja aukna áherslu á eftirlit á vettvangi (*e. on-site*) með eftirlitsskyldum aðilum til að sannreyna eftirlit og skýrslur. Þverfaglegir vinnuhópar sem einbeita sér að skipulegu eftirliti á vettvangi verða stofnaðir innan Fjármálaeftirlitsins.

Fulltrúi Fjármálaeftirlitsins hefur frá ársbyrjun 2009 tekið þátt í starfi nefndar sem viðskiptaráðherra (nú efnahags- og viðskiptaráðherra) skipaði til að fara yfir regluverk á fjármálamarkaði. Nefndin mun líklega skila af sér frumvarpi í nóvember 2009. Nefndin leggur m.a. til að gerðar verði breytingar á ákvæðum varðandi stórar áhættur (*e. large exposures*), hæfi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna, innri endurskoðun, veð í eigin bréfum fjármálfyrirtækja og veð í hlutabréfum annarra fjármálfyrirtækja og ákvæðum um mat á hæfi eigenda virkra eignarhluta. Þá er gert ráð fyrir að settar verði reglur varðandi lán til eigenda virkra eignarhluta, stjórnarmanna og stjórnenda. Enn fremur er gert ráð fyrir að haldin verði skrá (*e. credit registry*) er hafi að geyma upplýsingar um skuldbindingar viðskiptaaðila fjármálfyrirtækja til þess að betri yfirsýn faist yfir stærri áhættur á landsvísu og draga úr kerfislægri áhættu.

Fjármálaeftirlitið mun halda áfram að taka virkan þátt í samstarfi um reglur og eftirlit með fjármálamarkaði innan EES.

4.3

Solvency II

Eftir viðamiklar samningaviðræður innan Evrópusambandsins náðist samkomulag um nýja tilskipun 22. apríl 2009 um stofnun og starfrækslu váttryggingafélaga, svokallaða Solvency II tilskipun sem felur m.a. í sér verulegar endurbætur á fjárhagslegum kröfum til váttryggingafélaga þar sem tekið er tillit til áhættu efnahagsreikningsins í heild. Gert er ráð fyrir að opinber tilskipun verði gefin út fyrir lok ársins þegar þýðingu hennar er lokið í aðildarríkjum ESB. Tilskipunin mun taka gildi 31. október 2012.

Lagarammi ESB um innri markað í fjármálastarfsemi gerir ráð fyrir að hluti tilskipunarinnar verði nánar útfærður af Fram-

kvæmdastjórn ESB, svokölluð „level 2“ löggjöf. CEIOPS vinnur nú að ráðgjöf vegna þessa. Fyrstu tveir hlutar ráðgjafarinnar hafa farið í umsagnarferli hjá hagsmunaaðilum og hefur CEIOPS samþykkt að senda þá til Framkvæmdastjórnarinnar. Í byrjun nóvember verður þriðji hluti ráðgjafarinnar gefinn út til umsagnar. Umsagnarferli verður til 11. desember 2009.

CEIOPS hefur framkvæmt fjórar athuganir á væntanlegum áhrifum ákvæða Solvency II. Athuganir þessar ganga í daglegu tali undir skammstöfuninni QIS (*e*. Quantitative Impact Study). Sú fimmta (QIS5) er fyrirhuguð á tímabilinu ágúst til október 2010. Þá verða áhrif „level 2“ útfærslna prófaðar. Þátttaka í þessum athugunum er mikilvægur undirbúningur fyrir nýja löggjöf þar sem váttryggingafélögum gefst tækifæri til að meta hugsanlega þörf á auknu fjármagni og auknum mannafla við gildistöku Solvency II. Fjármálaeftirlitið mun því leggja mikla áherslu á að þau váttryggingafélög, sem miðað við núverandi stærð mundu falla undir hina nýju tilskipun, taki þátt í QIS5.

4.4 Eftirlit með fagfjárfestastjóðum

Mikil umræða hefur orðið um fagfjárfestastjóði undanfarið, en slíkir sjóðir hafa til þessa ekki verið undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Fagfjárfestastjóðir hafa rúmar fjárfestingarheimildir og geta því haft töluverð áhrif á markaðinn. Fjármálaeftirlitið telur því rétt að slíkir sjóðir lúti að minnsta kosti lágmarkseftirliti.

Þann 30. mars 2009 skipaði viðskiptaráðherra nefnd til að fara yfir ákvæði laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingastjóði. Við þá endurskoðun var lagt til að bætt yrði nýjum kafla í verðbréfasjóðalögin er lýtur að eftirliti með fagfjárfestastjóðum. Samkvæmt tillögnum munu rekstraraðilar þurfa að tilkynna til Fjármálaeftirlitsins um þá fagfjárfestastjóði sem eru nú þegar starfandi og um stofnun slíkra sjóða. Rekstraraðilar fagfjárfestastjóða munu að auki þurfa að skila til Fjármálaeftirlitsins skýrslu um sundurliðun fjárfestinga á sex mánaða fresti. Ennfremur verður sú krafa gerð að sjóðstjórar fagfjárfestastjóða hafi lokið prófi í verðbréfamiðlun.

Áformað er að leggja þetta nýja frumvarp fyrir Alþingi nú í vetur. Þess ber einnig að geta að nýrrar tilskipunar er að vænta frá Evrópusambandinu er varðar eftirlit með fagfjárfestastjóðum.

4.5 Eftirlit með innheimtustarfsemi

Með innheimtulögum nr. 95/2008, sem tóku gildi þann 1. janúar 2009 var Fjármálaeftirlitinu falið að hafa eftirlit með innheimtustarfsemi. Til að mega stunda innheimtu fyrir aðra þarf innheimtuleysi sem Fjármálaeftirlitið veitir. Það sama á við um

aðila sem kaupir kröfur í þeim tilgangi að innheimta þær sjálfur í atvinnuskyni. Lögmenn, opinberir aðilar, viðskiptabankar, sparisjóðir, aðrar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki geta hins vegar stundað innheimtu án innheimtuleysis. Fjármálaeftirlitið hefur frá gildistöku laganna veitt sex aðilum innheimtuleysi, en þeir aðilar eru Alskil hf., Fjárvakur – fjármálaþjónusta ehf., Intrum á Íslandi ehf., Rarik ohf., SPRON Factoring hf. og Veita, innheimtuþjónusta ehf.

Fjármálaeftirlitið hefur jafnframt eftirlit með því að innheimtustarfsemi leyfisskyldra aðila, opinberra aðila, viðskiptabanka, sparisjóða, annarra lánastofnana og verðbréfafyrirtækja sé í samræmi við innheimtulög og reglugerðir og reglur sem settar eru á grundvelli þeirra. Settar hafa verið reglur nr. 1210/2008 um framkvæmd eftirlits með innheimtustarfsemi sem tóku gildi þann 1. janúar 2009 og reglugerð nr. 37/2009 um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar o.fl. sem tók gildi þann 1. febrúar 2009.

4.6 Rannsókn á meintum brotum gegn „gjaldeyrishöftunum“

Í kjölfar falls viðskiptabankanna þriggja, eða 28. nóvember 2008, voru samþykktar breytingar á lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, með lögum nr. 134/2008. Með breytingunum var Seðlabanka Íslands heimilað að setja reglur sem takmarka tiltekna fjármagnshreyfingar og gjaldeyrisviðskipti sem þeim tengjast. Þá var Seðlabankanum einnig heimilað að setja reglur er skylda innlenda aðila til að skila erlendum gjaldeyri til innlendrar fjármálastofnunar en í daglegu tali er talað um þessarar breytingar á lögnum sem gjaldeyrishöftin.

Seðlabanki Íslands hefur eftirlit með að gjaldeyrisviðskipti séu í samræmi við lög um gjaldeyrismál og reglur settar á grundvelli þeirra og skal Seðlabankinn tilkynna grun um meint brot til Fjármálaeftirlitsins. Með áðurnefndum breytingum á lögum um gjaldeyrismál fékk Fjármálaeftirlitið það hlutverk að gegna einungis hlutverki rannsóknaraðila vegna meintra brota á reglum er lúta eftirliti annars stjórnvalds. Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands hafa haft náið samstarf vegna rannsókna á meintum brotum á lögnum um gjaldeyrismál og gerðu stofnanirnar með sér samstarfssamning um mitt ár 2009.

Sem rannsóknaraðili í framangreindum málum hefur Fjármálaeftirlitið víðtækar heimildir til gagnaöflunar bæði er varða einstaklinga og lögaðila sem ekki heyrja undir lögbundið eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Fjármálaeftirlitið getur til að mynda kallað eftir öllum þeim gögnum er það telur nauðsynlegt við rannsókn máls, hefur heimild til að kalla aðila til skýrslugjafar og getur gert sérstakar athuganir og lagt hald á gögn í samræmi við lög nr. 88/2008, um meðferð sakamála. Fjármálaeftirlitið getur á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli til opinberrar rannsóknar en

gerður hefur verið samstarfssamningur við efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að leggja sektir allt að 20 m.kr. á einstaklinga og 75 m.kr. á lögaðila en við ákvörðun sekta skal meðal annars tekið tillit til alvarleika brots. Þessar fjárhæðir eru mun hærri en Fjármálaeftirlitið hefur haft heimildir til að leggja á aðila hingað til, en þess má geta að samkvæmt lögum nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, og lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, geta sektir sem lagðar eru á lögaðila numið allt að 50 m.kr. Fjármálaeftirlitinu ber að vísa meiriháttar málum til lögreglu og varða brot sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Viðurlögum skal beitt hvort sem lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi. Þá er heimilt að refsa fyrir tilraun til brota og hlutdeild í brotum gegn gjaldeyrislögunum og reglum settum á grundvelli þeirra. Með dómi er heimilt að gera hagnað af brotum upptækan.

Þau mál sem Seðlabankinn hefur tilkynnt Fjármálaeftirlitinu hafa verið mis umfangsmikil og varða óheimila miðlun gjaldeyris, óheimil gjaldeyrisvíðskipti vegna tiltekinna fjármagnshreyfinga svo og skilaskyldu á erlendum gjaldeyri. Við rannsókn Fjármálaeftirlitsins hefur komið í ljós að aðilar einstakra mála tengjast jafnvel í fleiru en einu máli. Þá teygja málin anga sína út fyrir landsteinana. Fjármálaeftirlitið hefur átt samstarf við yfirvöld erlendis við nauðsynlega gagnaöflun.

Mikil umræða hefur átt sér stað undanfarið um gagnsæi í starfsemi Fjármálaeftirlitsins og ljóst að nauðsynlegt var að útvíkka fyrirnefnda heimild. Það var gert með lögum nr. 20/2009 og er nú kveðið á um gagnsæi í störfum Fjármálaeftirlitsins í grein 9. a. í lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998.

Með breytingunni fær Fjármálaeftirlitið heimild til að birta opinberlega niðurstöður í öllum málum og athugunum sínum og er markmiðið að auka gagnsæi í störfum eftirlitsins. Ákvæðið er efnislega nær samhljóða eldra ákvæði laga um verðbréfavíðskipti.

9. gr. a. Gagnsæi í störfum Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að birta opinberlega niðurstöður í málum og athugunum er byggjast á lögum þessum, nema ef slík birting verður talin stefna hagsmunum fjármálamarkaðarins í hættu, varðar ekki hagsmuni hans sem slíks eða veldur hlutadeigandi aðilum tjóni sem ekki er í eðlilegu samræmi við það brot sem um ræðir. Fjármálaeftirlitið skal birta opinberlega þá stefnu sem eftirlitið fylgir við framkvæmd slíkrar birtingar.

4.7 | Aukið gagnsæi

Að undanförunu hefur verið unnið að endurskoðun gagnsæis-stefnu Fjármálaeftirlitsins með það að markmiði að auka gagnsæi í starfi þess. Aukið gagnsæi getur eft varnaðaráhrif aðgerða Fjármálaeftirlitsins og leitt til þess að þær stuðli enn frekar að bættri framkvæmd á fjármálamarkaðnum í heild. Til viðbótar þessu getur aukið gagnsæi orðið til þess að meiri sátt verði um störf Fjármálaeftirlitsins en þeir sem standa utan fjármálamarkaðar hafa tilhneigingu til að draga þá ályktun að þögn Fjármálaeftirlitsins um einstök verkefni sín þýði að það sinni ekki hlutverki sínu sem skyldi.

Fjármálaeftirlitið fékk upphaflega heimild til að greina opinberlega frá niðurstöðum athugana sinna með lögum nr. 31/2005, sem breyttu lögum um verðbréfavíðskipti nr. 33/2003. Ákvæðið var í samræmi við kröfur sem gerðar eru til EES ríkja í nokkrum Evróputilskipunum þar sem gert er ráð fyrir að lögbær yfirvöld hafi heimild til að birta opinberlega upplýsingar um notkun allra úrræða og viðurlaga ef þær reglur sem innleiða tilskipunina eru brotnar. Ákvæðið náði þó eingöngu til rannsókna er vörðuðu lög um verðbréfavíðskipti, en ekki önnur lög sem falla undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins.

5.1

Fjöldi eftirlitsskyldra aðila 30.06. 2009

Þann 30. júní 2009 var fjöldi þeirra aðila sem lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins sem hér greinir:

	Fjöldi 30.06.2009 ¹⁾	Starfa skv. lögum nr.:
Viðskiptabankar	4	l. nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki
Sparisjóðir	14	l. nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki
Lánafyrirtæki	11	l. nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki
Innlánsdeildir samvinnufélaga	1	l. nr. 22/1991 um samvinnufélag
Verðbréfafyrirtæki	8	l. nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki
Verðbréfamiðlanir	3	l. nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki
Rekstrarfélög verðbréfasjóða <i>Verðbréfasjóðir - 22, þ.a. 9 deildaskiptir²⁾</i> <i>Fjárfestingasjóðir - 14, þ.a. 4 deildask.²⁾</i>	9	l. nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki l. nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði l. nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði
Kauphallir og aðrir skipulegir tilboðsmarkaðir	1	l. nr. 34/1998 um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða
Verðbréfamiðstöðvar	1	l. nr. 131/1997 um rafræna eignaskráningu verðbréfa
Lífeyrissjóðir	37	l. nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða
Vátryggingafélög	13	l. nr. 60/1994 um vátryggingastarfsemi
Vátryggingamiðlarar	6	l. nr. 32/2005 um miðlun vátrygginga
Aðilar með innheimtuleyfi	6	l. nr. 95/2008, innheimtulög
Aðrir eftirlitsskyldir aðilar	3	Ýmis lög
Samtals	117	

¹⁾ Í yfirlitinu eru ekki meðtalin fjármálafyrirtæki í greiðslustöðvun/slitameðferð, þ.e. Glitir banki hf.; Kaupþing banki hf.; Landsbanki Íslands hf.; Sparisjóðabanki Íslands hf.; Straumur – Burðarás Fjárfestingabanki hf.; Sparisjóður Mýrasýslu; Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf.; Frjálsi Fjárfestingarbankinn hf.; SPRON Verðbréf hf.

²⁾ Verðbréfasjóðir og fjárfestingasjóðir eru reknir af rekstrarfélögum verðbréfasjóða. Sjóðirnir eru ekki meðtaldir í heildarfjölda eftirlitsskyldra aðila. Nokkrir sjóðanna eru deildaskiptir.

Starfsemi erlendra fjármálafyrirtækja á Íslandi

Eftirfarandi yfirlit sýnir fjölda erlendra aðila/félaga sem á miðju árinu 2009 höfðu heimild til að veita þjónustu hér á landi á grundvelli reglna sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu:

Erlendir bankar með starfsstöð, þ.e. útibú	1 [*]
Erlendir bankar án starfsstöðvar	218
Verðbréfasjóðir (UCITS)	50 (350 deildir)
Verðbréfafyrirtæki/-miðlarar (Investment firms)	1878
Vátryggingafélög með starfsstöð	2 [*]
Vátryggingafélög án starfsstöðvar	439
Vátryggingamiðlarar og vátryggingaumboðsmenn	4654

^{*} Eitt erlent fjármálafyrirtæki starfækir útibú á Íslandi en um er að ræða útibú frá sænska bankanum Forex Bank Ab. Jafnframt starfækja þýsku vátryggingafélögin Allianz Lebensversicherungs AG og Allianz Versicherungs AG útibú á Íslandi.

HELSTU UPPLÝSINGAR ÚR ÁRSREIKNINGI FME FYRIR ÁRIÐ 2008

Hér eru sýndar helstu upplýsingar úr ársreikningi Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2008. Ársreikningurinn var staðfestur af stjórn Fjármálaeftirlitsins þann 15. júní 2009 og áritaður af Ríkisendurskoðun sama dag. Ársreikningurinn er birtur í heild á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins: www.fme.is.

Rekstrarreikningur árið 2008

Tekjur	2008	2007
Tekjur af eftirlitgjaldi	912.709.000	602.636.000
Aðrar tekjur	11.179.627	14.525.093
	923.888.627	617.161.093
Gjöld		
Laun og launatengd gjöld	530.444.447	422.873.353
Úrskurðarnefndir	5.891.996	5.859.565
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	53.772.095	42.244.882
Ferða- og starfstengdur kostnaður	43.880.921	33.862.326
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	340.375.184	43.826.554
Rekstur tækja og áhalda	21.520.080	11.912.657
Annar rekstrarkostnaður	13.649.786	5.900.142
Húsnæðiskostnaður	49.445.540	25.531.801
Tilfærslur	1.486.500	1.603.150
	1.060.466.549	593.614.430
Eignakaup	14.797.816	4.485.962
	1.075.264.365	598.100.392
(Tekjuhalli)/tekjuafgangur fyrir hreinar fjármunatekjur	(151.375.738)	19.060.701
Fjármunatekjur	43.014.668	19.691.550
(Tekjuhalli) / tekjuafgangur ársins fyrir ríkisframlag	(108.361.070)	38.752.251
Ríkisframlag *)	549.000.000	0
Tekjuafgangur ársins	440.638.930	38.752.251

*) Samkvæmt fjárávalögum fyrir árið 2008, samþykkt 22. desember 2008, er framlag til Fjármálaeftirlitsins 549 m.kr. Tengist það auknum kostnaði stofnunarinnar vegna ráðstafana á grundvelli laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.


Efnahagsreikningur 31. desember 2008

Eignir	2008	2007
Veltufjármunir		
Ríkissjóður	502.026.300	377.325
Viðskiptakröfur	92.101.662	1.558.363
Aðrar skammtímakröfur	47.597.811	3.379.082
Handbært fé	129.266.695	92.236.672
	770.992.468	97.551.442
Eignir alls	770.992.468	97.551.442
Eigið fé og skuldir		
Eigið fé		
Höfuðstóll í ársbyrjun	87.704.829	48.952.578
Tekjuafgangur ársins	440.638.930	38.752.251
Eigið fé	528.343.759	87.704.829
Skammtímaskuldir		
Skammtímaskuldir	242.648.709	9.401.973
Aðrar skammtímaskuldir	0	444.640
Skuldir	242.648.709	9.846.613
Eigið fé og skuldir	770.992.468	97.551.442

ATBURÐIR TENGDIR FJÁRMÁLAÁFALLI

OKTÓBER 08	6. OKTÓBER 2008 Alþingi samþykkir lög nr. 125/2008 (neyðarlög).	7. OKTÓBER 2008 Fjármálaeftirlitið tekur yfir vald hluthafafundar Landsbanka Íslands hf. á grundvelli neyðarlaganna og skipar skilanefnd.	9. OKTÓBER 2008 Fjármálaeftirlitið tekur yfir vald hluthafafundar Kaupþings banka hf. á grundvelli neyðarlaganna og skipar skilanefnd.
NÓVEMBER 08		Fjármálaeftirlitið tekur yfir vald hluthafafundar Glitnis banka hf. á grundvelli neyðarlaganna og skipar skilanefnd.	
DESEMBER 08	15. NÓVEMBER 2008 Lög nr. 129/2008, um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, taka gildi.	24. NÓVEMBER 2008 Glitni banka hf. veitt heimild til greiðslustöðvunar af héraðsdómi.	28. NÓVEMBER 2008 Með breytingum á lögum um gjaldeyrimál fær Fjármálaeftirlitið það hlutverk að rannsaka meint brot gegn lögnum og reglum settum á grundvelli þeirra sem Seðlabanki Íslands tilkynnir um til stofnunarinnar.
JANÚÁR 09		Kaupþing banka hf. veitt heimild til greiðslustöðvunar af héraðsdómi.	
	5. DESEMBER 2008 Landsbanka Íslands hf. veitt heimild til greiðslustöðvunar af héraðsdómi.		
FEBRÚÁR 09	9. MARS 2009 Fjármálaeftirlitið tekur yfir vald hluthafafundar Straums-Burðaráss Fjárfestingabanka hf. á grundvelli neyðarlaganna og skipar skilanefnd.	19. MARS 2009 Straumi-Burðarási Fjárfestingabanka hf. veitt heimild til greiðslustöðvunar af héraðsdómi.	hluthafafundar Sparisjóðabanka Íslands hf. á grundvelli neyðarlaganna og tekur ákvörðun um ráðstöfun eigna og skulda bankans.
MARS 09	17. MARS 2009 Fjármálaeftirlitið tekur ákvörðun um ráðstöfun skuldbindinga Straums-Burðaráss Fjárfestingabanka hf. til Íslandsbanka hf.	21. MARS 2009 Fjármálaeftirlitið tekur yfir vald hluthafafundar SPRON hf. á grundvelli neyðarlaganna og skipar skilanefnd. Ákvörðun tekin um ráðstöfun eigna og skulda sparisjóðsins.	23. MARS 2009 Sparisjóðabanka Íslands hf. veitt heimild til greiðslustöðvunar af héraðsdómi.
APRÍL 09		Fjármálaeftirlitið tekur yfir vald	27. MARS 2009 Fjármálaeftirlitið skipar skilanefnd yfir Sparisjóðabanka Íslands hf.
MAÍ 09	3. APRÍL 2009 Fjármálaeftirlitið tekur yfir vald stofnfjáreigendafundar Sparisjóðs Mýrasýslu á grundvelli neyðarlaganna og tekur ákvörðun um ráðstafanir sjóðsins.	22. APRÍL 2009 Lög nr. 44/2009, um breytingar á XII. kafla um fjármálafyrirtæki, taka gildi.	27. APRÍL 2009 Sparisjóði Mýrasýslu veitt heimild til greiðslustöðvunar af héraðsdómi.
JÚNÍ 09		Skilanefnd SPRON verður sjálfkrafa að bráðabirgðastjórn í kjölfar gildistöku laga nr. 44/2009.	29. APRÍL 2009 Héraðsdómur Reykjavíkur skipar slitastjórn yfir Landsbanka Íslands hf.
JÚLÍ 09	12. MAÍ 2009 Héraðsdómur Reykjavíkur skipar slitastjórn yfir Glitni banka hf.	19. MAÍ 2009 Héraðsdómur Reykjavíkur skipar slitastjórn yfir Sparisjóðabanka Íslands hf.	25. MAÍ 2009 Héraðsdómur Reykjavíkur skipar slitastjórn yfir Kaupþing banka hf.
ÁGÚST 09	Héraðsdómur Reykjavíkur skipar slitastjórn yfir Straumi-Burðarási Fjárfestingabanka hf.	23. JÚNÍ 2009 Héraðsdómur Reykjavíkur skipar slitastjórn yfir SPRON hf. Héraðsdómur Reykjavíkur skipar slitastjórn yfir Frjálsa fjárfestingabankanum hf.	
SEPTEMBER 09	2. JÚLÍ 2009 Fjármálaeftirlitið skipar bráðabirgðastjórn í Sparisjóði Mýrasýslu.	7. ÁGÚST 2009 Héraðsdómur Reykjavíkur skipar slitastjórn yfir SPRON verðbréfum hf.	
OKTÓBER 09	3. SEPTEMBER 2009 Samningsaðilar ná samkomulagi um fjármálagerning um uppgjör vegna ráðstöfunar eigna og skulda Kaupþings banka hf. til Nýja Kaupþings banka hf.	13. SEPTEMBER 2009 Samningsaðilar ná samkomulagi um fjármálagerning um uppgjör vegna ráðstöfunar eigna og skulda Glitnis banka hf. til Íslandsbanka hf.	
	13. OKTÓBER 2009 Íslensk stjórnvöld, skilanefnd Landsbanka Íslands hf. og Landsbankinn undirrita rammisamkomulag um uppgjör á eignum og skuldum vegna skiptingar bankans.	15. OKTÓBER 2009 Glitnir banki hf. nýtir heimild í samningi til að eignast 95% hlutafjár í Íslandsbanka.	

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ



ÁRSSKÝRSLA
FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS
2009